

LISTIR

Upphaf ErkiTíðar

TÓNLIST

Raftónlistarhátíð

YFIRLITSTÓNLEIKAR
UM GERÐ RAF- OG
TÖLVUTÓNLISTAR Á ÍS-
LANDI

Föstudagur 28. október 1994.

ERKITÍÐ nefnist tónlistarhátíð, sem er samvinnuverkefni ErkiTónlistar sf. og Tónlistardeildar Ríkisútvarpsins, með stuðningi frá Tónskáldafélagi Íslands. Rakin er saga raftónlistar hér á Íslandi í efnisskrá tónleikanna en fyrstu raftónverkin eru samín af Magnúsi Blöndal Jóhannssyni og nærri jafn snemma hafði Þorkell Sigurbjörnsson kynnt sér þessa tegni vestur í Bandaríkjunum. Það var á tónleikum Musica Nova, sem fyrstu íslensku rafverkin voru flutt og síðan hafa nokkur tónskáld bæst í hópin og margir þeirra lagt mikla rækt við gerð raftónlistar.

Raftónlist byggist á tón- og hljóðnámi (þ.e. upptökum á tónum og hljóðum), sem ýmist eru notuð óbreytt eða mótuð, bæði hvað varðar tíma, tónisvið og blæ og einnig á tilbúnum raftönnum og hljóðum. Með tilkomu tölvunnar hefur opnast möguleiki á að vinna með þetta tón- og hljóðefni á margvislegan máta.

Þrátt fyrir ótrúlega möguleika í tón- og hljóðvinnu, er þarna til staðar ein hindrun, nefnilega sú innilokun tón- og hljóðnámsins, er kemur í veg fyrir „lifandi flutning“. Þessa hindrun hafa mörg tónskáld reynt að yfirstíga, t.d. með því að skipta verkum sínum á milli raftækjanna og samleikandi hljóðfæraleikara og voru öll verk-in, nema eitt, á fyrstu tónleikum ErkiTíðar, sl. laugardag á Sólon Íslandu, samleiksverk hljóðfæraleikara og rafunninna hljóða.

Tónleikarnir hófust á nýju verki eftir Magnús Blöndal Jóhannsson en hann er heidurstónskáld ErkiTíðar tónleikanna. Magnús nefnir þetta nýja verk sitt Brim, er vísar að nokkru til hljóðgerðar verksins, sem einnig er samið fyrir plönó (Halldór Haraldsson), slagverk (Geir Rafnsson) og flautu (Kolbeinn Bjarnason). Það var margt í þessu ágæta verki, sem minnti á ýmislegt úr fyrri verkum Magnúsar, aðallega hvað varðar stíl, sem Magnús náði mjög snemma valdi á og markar honum nokkra sérstöðu meðal félaga sinna.

Innilokun hljóðanna er við-

fangsefni Atla Heimis Sveinssonar í nýju verki fyrir tónband og klarnetttrío (Sigurður I. Snorrason, Óskar Ingólfsson og Kjartan Óskarsson). Atli nefnir verkið Búr og meðal aðfenginna hljóða eru mannsraddir og var margt skemmtilegt að heyrna í þessu verki, þó rafhlutinn verkaði oft án samstöðu við samleik hljóðfæra-anna, enda eru þessir þættir samdr á öðlukum tíma, þ.e. tónbandið er unnið 1972 en klarnetttríóðirnar sl. sumar.

„Hvarvetna leita ég þín“ heitir nýtt verk eftir Gunnar Reyni Sveinsson og er þetta tónnámsverk nærri að öllu leyti og oft nokkuð melódískt. Formgerð þess er röð tónhugmynda, sem minna á eins konar tilbrigði og er síðan leitað til þess er einkenndi upphafskaflann, hrynfestunnar, sem oft var nokkuð um of háttbundin. Bragðlaukar eftir Lárus H. Grímsson er nærri samfelld slagverksorgia, þar sem tónband og slagverksleikarinn (Geir Rafnsson) heyrna einvígi. Vera má að það eigi að tákna baráttu höfundar við að „drepna mosquitoflugur (tilgreint í efnisskrá) og hefst verkið á nokkrum kjams- og slokhljóðum. Eftir það hefst trommustríðið en verkið endar eins og það byrjaði, með nokkrum kjams- og slokhljóðum en sjálfur endatóninn var ropi.

Hugsanlega er þetta eina tónverkið í heiminum, sem endar á rops og minnr það á áratútu, sem var í tisku fyrir nokkrum áratugum, að hneyksla „sómakært“ fólk, en hefur sem betur fer engan slagkraft lengur og flokkast í besta lagi undir óþarfa smekkleysu. Fyrir utan ropan og heldur svona ókræsilegt borðhald, að éta moskitoflugur, sem verkið á að túlka öðrum þætti, er miðhluti þess, nefnilega trommustríðið, skemmtilega saminn.

Tónleikunum lauk með Sonoroties III, eftir Magnús Blöndal Jóhannsson og var skemmtilegt að heyrna þetta ágæta verk Magnúsar, sem hann samdi 1972 og nú eins og þá flutti Halldór Haraldsson verkið og gerði það með glæsibrag. Aðrir flytjendur sem hér hafa verið tilgreindir eiga sinn þátt í þessum fróðlegu og skemmtilegu tónleikum, en alls eru tónleikar ErkiTíðar sjö talsins. Þar getur að heyrna nærri allt sem skiptir máli í gerð og þróun raf- og tölvutónlistar á Íslandi.

Jón Ásgeirsson

ErkiTíð hyllir Atla Heimis og Þorkel

TÓNLISTARHÁTÍÐIN ErkiTíð 1998 verður haldin um hegina í Tjarnartúli, hefst á morgun kl. 16.00 og lýkur á margmiðunartónleikum sunnudagskvöld. Á hátíðinni verða m.a. frumflutt sjö ný íslensk verk eftir helstu raftónskáld Íslands en efnisskráin er byggð upp af verkum sem bæði eru flutt af bandi, myndbandi og með flytjendum.

Kjartan Ólafsson tónskáld var frumkvöldi að ErkiTíð á sínum tíma og annast um hana enn. Hann segir að hátíðin hafi upphaflega verið haldin í tilefni lýðveldishátíðar 1994 og annað hvert ár upp frá því. Árið 1994 voru fluttar á hátíðinni allar helstu raf- og tölvutónlistar le- lenokra tónskálda frá upphafi. Heidurstónskáld hátíðarinnar þá var einn af frumkvöldum raftónlistar á Íslandi, Magnús Blöndal Jóhannsson. ErkiTíð 1996 var til- einkuð ungum flyt- endum og var hátíðin haldin í samvinnu við Tónlistarskólann í Reykjavík. Á þeirri hátíð fluttu ungr- hljóðfæraleikarar samtímatónlist und- ir leiðsögn kennara og í samstarfi við CAPUT-hópinn. CAPUT-hópurinn sér um hljóðfærahlutið á ErkiTíð 1998.

„Í ár beinist athygnin að tveimur af okkar fremstu tónskáldum: Atla Heimis Sveinssyni og Þorkelli Sigurbjörnssyni. Þeir eiga það sameiginlegt að vera meðal upphafsmanna raftónlistar á Íslandi og báðir urðu þeir sextugir á árinu“, segir Kjartan, en aðrir sem eiga verk á hátíðinni eru Atli Ingólfsson, Finnogi Pétursson, Hilar Pórlarsson, Kjartan Ólafsson, Lárus H. Grímsson, Rík- hardur H. Friðriksson og Sveinn Lúðvík Björnsson.

Stef hátíðarinnar er tvílið að sögn

Kjartans og nefnir að á sunnudags- kvöld verði haldin sýning á mynd- bandsverkem. Þar eigi þeir verk Þorkell og Atli Heimis, en einnig Finnogi Pétursson myndlistarmað- ur, sem er með víðeð-verk og tónlist

bundum hljóðfærum. „Þannig að við fáum tímaperspektíf á þá“. Eins og fram kemur er ErkiTíð haldin nú meðal annars til að hylla þá Atla Heimis og Þorkel, enda séu þeir ásamt Magnúsi Blöndal Jóhannssyni meðal helstu braut- ryðjenda á þessu sviði. Einnig verða verk yngri manna flutt á hátíðinni; verk eftir Atla Sigurðsson, Lárus Grímsson og Svein Lúðvík Björnsson. Kjartan segir að yngri tónskáldin séu hálfþróðir nemend- ur þeirra Atla Heimis og Þorkels, „áður en við gerum okkar uppreisn“.

Kjartan segir að þótt raftónlist sé í dag megin eins og hver önnur tónlist eigi sérstök hlutið henni heilgað vissu- lega rétt á sér, líkt og hátíð með barokktón- list eða kvartónlist. „Þessi hátíð hefur reyndar sprengt utan af sér alla ramma sem ég gerði ráð fyrir í upphafi og það fer ekki á milli mála að áhrifin á svona tón- list er er mjög mikill og víðtækur, enda

eru raftónar orðin hluti af umhverfi okkar hvar sem við erum, í hvaða tónlist sem er.“ Kjartan hefur áður haft erlenda gesti á ErkiTíð en segir að enginn slíkur sé á ferð núna, mönnum hafi þótt rétt að beina sjónum að Atla Heimis og Þorkelli. „Þótt þeir hafi aldrei talið sig vera teina frum- kvöldi raftónlistar þá eru þeir það, hvort sem þeim líkar betur eða verr, og það er ástæða til að heiðra þá.“

Sjö ný verk verða frumflutt á hátíðinni, þar af fleum sem ErkiTíð pantar. Sent verður út beint frá tón- leikum á hátíðinni á sunn- dag, en tónleikarnir verða allir hljóðritaðir af Ríkisútvarpinu með útsendingu síðar og hugsanlega útgáfu í huga.



Á ERKITÍÐ '98 verða þeir Atli Heimis Sveinsson og Þorkell Sigurbjörnsson heidraðir fyrir brautryðjandastær sína í ís- lenskri raftónlist.

er eftir sjálfan sig við, og Kjartan, sem er með samantekt sína Þrír heimar í einum og sýnir víðeð-verk við sem hann gerði sjálfur. Einnig verður sýnt myndband eftir ungt listafólk sem það gerði við verk Magnúsar Blöndal Jóhannssonar, sem er eitt elsta raftónlistarverk Íslendinga.

„Tímaperspektíf“ á Atla Heimis og Þorkel

Kjartan segir að þeir Atli Heimis og Þorkell hafi komið inn í íslensk- tónlistarlist á sjöunda áratugnum af miklum krafti og fullt af nýjungum með sér. Dæmi um tónsmíðar þeirra á þessum tíma verða flutt á hátíðinni í bland við ný verk eftir þá þar sem þeir beita rafeindatækni og hefð-

30.00 Mánudagstónleikar í umsjá Atla Heimis Sveinssonar. Út- varpað frá tónlistarhátíðinni ErkiTíð. Tónleikar 29.október 1994 að Sóloni Íslandu. 1) cho (1980) eftir Þorstein Hauksson fyrir flautu og tónband. Kolbeinn Bjarnason leikur á flautu. 2) Pipe r (1971) fyrir tónband eftir Þorkel Sigurbjörnsson 3) Mar (1985) fyrir klarnett og tónband eftir Þórlóf Elfríksson. Guðni Frantson leikur. Víðtöl við hlífunda og flytjendur.

TÓNLIST

Tjarnarbið

ERKITÍÐ '98

Porkell Sigurbjörnsson: Fípur og Leikar; Finnþingi Pétursson: Óður; Atli Heimir Sveinsson: The Cage; Kjartan Ólafsson: Samantekt: Þrír heimar í einum; Lárus Grímsson: Vetrarmantlið 2; Magnús Blöndal Jóhannsson: Samstírn. Flutti af tónbandi og myndbandi. Tjarnarbið, sunnudaginn 1. nóvember kl. 20.30.

PRÍDJU og síðustu tónleikar ErkiTíðar '98 fóru fram undir fyrir-sögninni Multimedia / Tvílist við öllu dræmari aðsókn en á undan-gengnum tónleikum tölu- og raf-tónlistarhátíðarinnar. Að klappa fyrir hátölurum hófvar sem von er alltaf minna til tónleikagæsta en fyrir lifandi flytjendum. Hvort glansinn af „margmíðuninni“, sem var hálfgert lausanaróð í framsæk-ninni flutningslist fyrir einum til tveim áratugum, sé þar á ofan tek-inn að dofna í augum almennings hér á kröfumeiri „öld augana“, er ekki gott að segja, en miðað við hvern á oss stendur mikil orrahöf-ginnandi afþreyingarlíða (dag, þá er ekki nema von að margir haldi sér í hæfilegri fjárlægu frá hlutfallslega meinslátum heimi tvílistarinnar, sem – miðað við verkin þjó á þessum tónleikum – hefur bruglast við samkeppni skemmti-ðnaðar með enn harðari ásketisma. Nema þá ef vera kynni, að fagur-

BIODROGA

jurtasnyrtivörur

Stella

Bankastræti 3, sími 551 3635.

Af snyrtingu heilans

fræðin að haki sé 40 árum á eftir nútímanum og því í raun gamla-dags. Alltjóst sé þó það mann hvað annað verkið á dagskrá, hlö 12 mín. langa Óður Finnþingi Péturssonar fyrir myndband og tónband (framf. í Sjónvarpinu 1/1992), virti-ist tilheyrja heimi sem maður hélt að væri löngu látnu, eða frá kring-um 1960-65. Þar skiptust á í sífellu allt upp í 6 mismunandi órættu myndskoti af skjólum, hraungól, brimi, etc., hvert þeirra með til-heyrandi áþengum rafskrúðing-um, út frá form-formúlunni 1-2-3-4-5-6-5-4-3-2-1. Kvæð verkið að sögn tónleikaskrár vera „óður til Íslands og íslenskrar náttúru.“ Þetta var að framsætningsmáttu ekk „próví-list“, að minni við eilífskyldari áð-urnefndri ógustund ógrana í lista-sögu Vesturlanda en nokkur ótru, nema ef vera skyldi eftirminnilegu heilavottaatróð Harry Palmer spæjara í nýjssamyndinni The Ipcress File (1965). Undirritað fórnardýr umræddes áreitis var ekki lengi að komast á þá einlægu skoð-um, að bóðskapnum hefði vel mátt tvímíða á tveim mínútum í stað töl, og þakkaði sínum sæla fyrir að vera ekki staddur á barni geðlofa. En – hófuleg lengdin virkaði, sem var eflaust tilgangurinn. Verkið sat eftir í manni, líkt og sársaukafull líkamshvæðing úr barnsku.

Í samanburði voru hin tvílistar-verkin tvö núm þessilegri fyrir sjón, heyrn og gæðfæla. Myndhölin í Samantekt Kjartana Ólafssonar var m.a.s. víða fæling, með einlægu söð-áriserubum skotum úr heimilslífi hófundar (dagstofumyndir, Kó víð hljómborðið, tvar smáhnautur við ballettefingar o.fl.), og tónhölin, sem skv. tónleikaskrá var að

grunnefnið inni úr tónsmíðum hófundar 1986-94, reyndist hvergi yfirgengilega skolinnað hlut-hinnu. Hafi verkinu, eins og greint var frá í tónleikaskrá, verið hafnað af Ríkisráðgjafinu 1997 „sökm framdræstefni“, mætti vissu-lega spyrja á hvaða forsendum Óður Finnþingi hafi fengið inni á sama vettvangi fimm árum fyrr. Um seinna tvílistaverkið, Samstírn eftir Magnús Blöndal Jóhannsson, eitt fyrsta og kunnasta „lævna“ raftón-verk landsins, fannst ekki aukatekið orð í tónleikaskrá, en það mun samíð 1961 eða 1962 og víða þekkt samur í álfa undir nafninu Con-stellation. Myndbandshölinu gerðu Gunnar Þór Viglúndsson, Þórnir Guðmundsdóttir og Kristján Björn Þórðarson ekki fyrr en aldarfjór-ungi síðar eða 1996, en þrátt fyrir tímafarlegðina füll hún ótrúlega vel að tónhölinu; hófst og endaði eins og titill lýðseðli á myrku tjáði sem íðaði í við við hin ýmsu síms-öldumynstur Magnúsar og tók þar á milli myndbreytingum er leiddu hugan að innri geim smásjárvældar, enda þótt titill verksins lyti að þeim ytri. Þótt tvílistargæðin sé ekki nema tveggja ára, er hin þeg-ar orðin skild, enda að virðist fastur líður á hverri ErkiTíð. Gægnur furðu hvað verkið heldur enn vel af athygli á þessum ófmettuðu afþre-yingartímanum miðað við knappa, nærfélt naktan, hljóðheim, sem of-ursparneytin óðusjárleg myndfærlan fellur að sem flis við ræsa. Myndlausu raftverk tónleikanna voru Fípur (1971) og Leikar (1989) eftir Porkell Sigurbjörnsson, The Cage (1969) eftir Atla Heimi Sveinsson og nýjasta verkið, Vetr-armantlið 2 eftir Lárus Halldór

Grímsson. Gömlu verkin virtust mjög bærn sína tíma og teki, þar sem steinaldaramóð á við skari voru enn ómánsaði við úrvinnu, og ríðubúst hér upp ýmis effekta-hljóð, sem nóg gamlir hlustendur hefðu aðvæðilega getað tengt við ýmsa fantasíueffekta frá gullaldar-árum útvarpaleikrita um t.a.m. fljúgandi furbuhlúti. Hljóðumhverfið í verki Atla var hvassara en í stuttu verkið Porkells, og fann þar margur áheyrandi í fyrsta en því miður ekki síðasta skipti til í eyrum, enda magnaraveróðir býnsa óspær í deðbelin.

Eftir á að hyggja virtust fyrst-nefndu þrjú verkin fremur hugað til að ógra en heilla, ekki stízt „Búr-ðr“ hana Atla Heima sem að hluta visar til framdræstefnótónspekling-ans John Cage, og að við undirritaðs órjúðfænga njóvæð við tilbúðartím-ann. Hin dreyndari Vetrarmán-tik 2 Lárusar bar sem von var minna svipmót af líðinni tíðku. Höfundur virtist þar hafa lagt meira af sjálfum sér í verkið, enda stóð það í samanburði upp úr sem hlutfalls-lega sjálfstæðari og ótímabundnari tónsmíð. Það samsvafrði titli sínum vel og var óðefmið við bæta ver-aldlegum hljóðfærahljóðum, og jafnvel pólskrynjandi, við hrein-ræktuðu rafljóðin. Burtseð frá styrkleikastillingu á raftverkatón-leikumun síðustu, sem oft var óþar-lega nærri kvalahrókulið og bar vott um sérkennilega þungarókti-mengað hugafar, má í heild segja að þessi ErkiTíð hafi heppnast vel. Verkalavlið spannaði almúka breidd miðað við tilhöfuga þróngan ramma, þó að eiginleg margmíðun-arverk væru að visu furðu fá og bentu ekki til mikils hérlens áhuga á greininni nú um stundir. Spurning er hvort stefna beri að því að taka með fæðin erlend verk, þó ekki væri nema til viðmíðunar, og ef marká má algæra fjarvera kvenhöfunda, virðist stízt vanþörf á að hvetja tón-skáldkonur landsins til dáða í þess-um sérhæfðu rafgreinum lista-drottningar.

Ríkarður Ö. Pálsson

Líður að ErkiTíðum...

TÓNLIST

Tjarnarbið

ERKITÍÐ '98

Porkell Sigurbjörnsson: Hylling; Hilmar Þórðarson: Verk f. óðó og tölvu; Ríkhartur Fríðríksson: Fantasia yfir Liljula; Atli Heimir Sveinsson: Klíf. Kolbeinn Bjarnason, flautu; Eydis Franzdóttir, óðó; Steef van Oosterhout, slagverk; Sigurður Halldórsson, selló. Tjarnarbið, laug-ardaginn 31. nóvember kl. 16.

TVÍÆRINGURINN ErkiTíð hófst í þrjúja sinn fyrir svo til full-skípuðu Tjarnarbiði á laugardaginn var. Hátíðin heigar sér einkum ís-lenkra raftónlist, og hefur sú grein á seinni árum breiknað mjög með tilkomu og örri þróun tölvutónlistar. Vegna stórafmæla þeirra á árinu voru Porkell Sigurbjörnsson og Atli Heimir Sveinsson í forgunni ná þessari ErkiTíð, þótt vítalega gæfust einnig tækifæri fyrir yngri kynslóð. Raftverk eftir konur komust því miður ekki á blað að þessu sinni, né heldur frekar en venja hefur verið erlend verk, sem óneitanlega myndu veita hátíðinni aukna vídd, þótt kostnaðarvandinn sé skiljanlegur. E.t.v. stendur hvort tveggja til bóta í framtíðinni, þegar ErkiTíð hefur fæst betur í sessi.

Fyrst á dagskrá var Hylling eftir Porkell Sigurbjörnsson fyrir flautu, selló, slagverk, píanó (hér í gervi rafljóðmörð) og tónband frá 1974, er í tónleikaskrá var sagt um 12 mín. að lengd en mældist um hálftími þegar upp var staðið. Verkið bar talvörðan keim af uppákomu-hugsjónum sína tíma og tjáðaði að og út líkt og n.k. komu- og kvæðus-íónía, er hófst með lágröma tact-us-banki úr hátalara. Stíg af stígi tündust ónnur hljóðfæri inn, síðast þeirra flautan, er Kolbeinn kom spílandi að sviðinu eftir miðgængi, og var verkið í heild alþjóðbreytt að áferð, þó svo að óróasæggur aftan úr sal vildi meina annað og mótmælti þessu „gamla drasli“ hástöfum fyrir sjálfspípaða hönd saklausra áheyr-enda, m.a.s. tvisvar, sem kom manni til að gruna að væri frekar forskrif- að atriði í ruddakrí en ótíndur del-erant. Kennði margra grasa, þ. á m. punktastíls, mínímalískis hjakka í 5/4, „riffs“ ættuðu úr rokki o.fl., og við útöngu flautuleikarans í verka-

lok rauluðu áheyrendur í næsta ná-grenni við fyrrgetinn óróasægg í sí-fellu stutt stef sem minnti af fyrri hluta til á Próménaðann úr Mynd-um á sýningu. Þó að þátttaka ann-arra áheyranda í þessum kóda-hópsöng væri heldur dræm, hélt verkið furdugóðri athygli miðað við lengd.

Híð 9 mínútna langa verk Hilmar Þórðarsonar fyrir óðó og tölvu var, líkt og Fantasia Ríkhards þar á eftir, þantad af ErkiTíð '98. Eydis Franzdóttir lék á „pík-up“-uppnagad óðó, sem hljómaði úr hátölurum sem allt annað hljóðfæri, hvassara og málkennðara, eða á la-sóran sársöföfn. Tónbandbak-grunnurinn var fremur ógnvekj-andi, og í samspili við pastoralar strófur óðóans í öruggum höndum Eydisar leiddi heildarblær verksins hugann að einsemd Pans í neðra.

Ríkhartur Fríðríksson bar alla ábyrgð á Fantasia yfir Liljula (15 mín.), enda alfaríð samíð fyrir tón-band, unnið á tölvu í Tónveri Tón-listarakóla Kópavogs og lokabland- að í danska ríkiðónverinu DIEM í Árósum. Eftir kyrrtítt upphaf með e.k. vindklukkuspíli komust stefja-brot þessa aðþokkjanlegasta þjóð-laga alíra íslenzka þjóðlaga smám saman á ferð og flug – ekki bara í tíma með tug- eða hundraðföldum mínútafjöldum, heldur einnig í rými, og endasentust um allan sal sem aðisgengin flugnager. Hér mátti heyrna marga tilkomumikla tækníttfærslu, þó að þessa hlust-anda vegna hefði kannaki mátt sníða riflegan fjórðung af heildar-lengdinni.

Að lokum flutta Caput-félagarnir Kolbeinn Bjarnason, Guðni Franz-son og Sigurður Halldórsson tríóið Klíf eftir Atla Heimi Sveinsson frá árunum 1965-68, sem að sögn hóf-undar var einskónar uppgjör og andóf við serialismann sem hann var að vítna sig frá. Hér gat að heyrna fremur stutt (7 mín.) en hnit-miðað kammerverk, þar sem skipt-ust á punkta- og grúppustíll 7. ára-tugar í eftrekaðri gægnfærslu á knöppu tónefni. Verkið var sérlega vel og lifandi útfært af þeim þre-menningum, og hlaut að vonum hlýjar undirtektir áheyranda á þessum fyrstu og velheppnuðu ErkiTíðartónleikum.

Ríkarður Ö. Pálsson

Aftur ErkiTíð-tónlistarhátíð

Íslenska tónlistarhátíðin ErkiTíð hófst á Sóloni Íslandusi sl. sunnu-dag. Alls verða á hátíðinni sex tón-leikar og er aðalstef þeirra íslenk og erlend samtímatónlist. Á tónleik-unum á sunnudaginn var lékn þeir Kolbeinn Bjarnason, Guðni Franz-son og Gerrit Schül. Fyrst heyrð-um við Guðna spína á ástralska þjóðarhljóðfærið díderjú og eins og búast mátti við var það magnað-ur seður. Kolbeinn og Gerrit fluttu Three Pieces from Chu-U eftir Kazuo Fukushima frá árinu 1961 og þar þóð verið stórkjennir jap-anskrar þjóðartónlistar, auk ný-ustu trauma í mið-eyrópskrí tón-list á sjöunda áratugnum. Þeir fé-lagar Kolbeinn og Gerrit fóru frá-bærlega með verkið. Sveinn Lúðvík Björnsson átti næsta verk. Gáru fyrir einleiksklarínnet, og var það einnig mjög vel flutt af Guðna Franzsoni.

Nachtmusik fyrir píanó var n. k. spuni Gerrits eftir myndverkum Steinunnar Þórarinsdóttur. Voru þetta draumkenn- ar stemningar með mótti sem kom aftur og aftur og var það bæði vel og skemmtilega gert hjá Gerrit.

Daninn Bent Sörensen, sá er nýlega voru veitt Tón-skáldaverðunum Norðurlandaráðs, átti síðan einleiks- verk fyrir klarínnet sem kallast The Songs of the Decaying Gardens frá árinu 1992. Guðni lék þetta ihugula og fremur tregablandna verk af samfæring-



Guðni Franzson.

Tónlist

Áskell Másson

Tónlistarskólans í Reykjavík, Caput-hópurinn og mið-víkdaginn 8. mal verða raftónleikar, þar sem m.a. verður flutt verk eftir sérstakan gæst hátíðarinnar, William Harper frá Bandaríkjunum.

Bóðið er upp á pallborðsmúræður eftir hverja tón-leika og er fólk eindregið hvítt til þess að heyrna og taka þátt í því sem unga fólkíð hefur fram að færa á þessari skemmtilegu ErkiTíð.

arkrafti og gæysfél.

Þrjúður Jónsdóttir heitir ungur tón-smíður sem nú býr á Ítalíu. Eftir hana var frumflutt verkið Pes frá árinu 1993, fyrir flautu, klarínnet og píanó. Verkið ber nokkur einkenni ítalískrar samtímatónlistar svo sem eðlilegt má teljast en er kunnáttu-samlega samsett og var það ekkert minna en fráberlega vel flutt af hljóðfæraleikurum kvöldins.

Tónleikunum lauk síðan með því að Guðni lék N.Y. Counterpoint frá árinu 1985 eftir bandaríska tónskáldið Steve Reich. Verkið er skráð þótt fyrir hvorki meira né minna en 11 klari-nettur og lék Guðni eina þeirra með tónbandinu sem hann hafði þegar leikið hinar 10 inn á. Þessi mínímal-músík virkaði furðuleg og hitti í mark í flutningi listamannsins Guðna Franzsonar.

Tónleikar ErkiTíðar eru allir í þess-ari víku á Sóloni Íslandusi og lýkur hátíðinni á laugardag með söngtón-leikum. Flytjendur eru nemendur Guðna Franzsonar.

MÁNUDAGUR 30/11

Tónlist á atómöld

Rás 1 22.20

Tryggvi M. Baldvins-son fjallar um tón-listarhátíðina ErkiTíð '98 sem haldin var í Tjarnar-bíól í byrjun nóvem-bermánaðar. Að þessu sinni beind-ist athyglin einkum að tónskáldunum Atla Heimi Sveinssyni og




Tryggvi M. Baldursson

Porkelli Sigurbjörnssyni, en þeir eiga það sameiginlegt að vera meðal upphafs-

mannna raftónlistar á Íslandi og báðir urðu þeir sextugir á árinu. Aðrir sem áttu verk á þessari hátíð voru þeir Atli Ingólfsson, Finn-bogi Pétursson, Hilmar Þórðarson, Kjartan Ólafsson, Lárus H. Grímsson, Magnús Blöndal Jóhanns-son, Ríkhartur H. Fríðríks-son og Sveinn Lúðvík Björnsson.

LISTIR



WILLIAM Harper og Kjartan Ólafsson.

Morgunblaðið/Audis

FÁTT er skemmtilega en heyrn nýja tónlist og þá helst tónlist sem krefst heilabrotu og hugsunar. Það má þó ekki vanmeta aðgengilega tónlist, sem getur verið fullt eins innihaldarík og margt steypuverkið. Í kvöld verða raftónleikar á Sólon Íslandu sem liður í tónlistarhátíðinni ErkiTíð þar sem þessi tvö sjónarmið rekast á; annars vegar tónlist sem aðgengilegt tjáningarform og á hinn bóginn „akademísk“ tónlist; tónlist sem krefst þekkingar og innviðs til að gripa. Til að einfalda málið má segja að bandaríska tónskáldið William Harper, sem er sérstakur gestur hátíðarinnar, sé fulltrúi fyrrnefndu stefunnar, en Kjartan Ólafsson hinnar síðarnefndu, en báðir eiga þeir verk á tónleikunum í kvöld.

ErkiTíð er tónlistarhátíð sem hefur verið í nýrri tónlist, íslenskt sem erlendt, en hún var fyrst haldin á Sólon Íslandu 1994. Þá var meginþemað íslensk raftónlist í 50 ár, en að þessu sinni er aðalstefið íslensk samtímatónlist og ný erlend tónlist; í fréttilykningu segir að litlið verði til beggja átta og „landslagið borði saman í tónum og tali“.

Míðja vega á milli popptónlistar og alvarlegrar tónlistar

William Harper starfar sem listmenn stjórnmálari Arco-tónlistarleiðhússins í Chicago og er gestaprófessor í tónlist við Art Institute of Chicago. Á meðal verka hans eru óperurnar *Crimson Cowboys*, *Snow Leopard*, *Peyote Roadkill* og *Cooking the World*, en sívita byggð á hljóðfæratónlist úr þremur síðastnefndu óperunum verður flutt á Sólon Íslandu í kvöld. Harper hefur einnig samið tónlist fyrir leikhús, söngleikjatonlist, tónlist fyrir dansara og kvikmyndatónlist.

Kjartan Ólafsson lauk prófi í tónlistum frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, stundaði síðan nám í raftónlist í Hollandi og frá 1984 til 1996 stundaði hann nám við Sibelius-akademíuna í Finnlandi. Þeir Kjartan og Harper eru öll tónskáld, ekki aðeins sakir þjóðernis, heldur er tónlist Harpers aðgengileg, eða eins og Kjartan lýsir henni í upphafi spjalls við þá tvo, „míðja vega á milli popptónlistar og alvarlegrar tónlistar“, lýsing sem Harper virðist ekki fullsáttur við, en Kjartan segist aftur á móti ekki semja ýkja aðgengilega tónlist að eigin mati.

Leit að samnefnara

William Harper segir að það sé sterk hreyfing í þá átt í Bandaríkjunum að finna samnefnara milli dagurðatónlistar og þyngrar tónlistar, „tónskáld eru ekki beinlínis að skrifa popptónlist, en láta hana hafa áhrif á það sem þeir eru að skrifa, eins konar síðrock“.

Kjartan, sem ádnæmlega ófölegur Harper í spjalli okkar, segist líta svo á að með því að fella tónlist sína að smekk almennings séu menn að

Litið til beggja átta

Tónlistarhátíðin ErkiTíð

höfst á sunnudag og í kvöld verða raftónleikar

þar sem meðal annars verður flutt verk eftir sérstakan gest hátíðarinnar, bandaríska tónskáldið William Harper.

Arni Matthíasson hitti Harper að máli og Kjartan Ólafsson, tónskáld og skipuleggjandi hátíðarinnar, og komst að því að þeir eru ósamála um margt viðkomandi tónlist.

gefast upp fyrir markaðsöflum. „Þessi þróun vestan hafs er þegar hafin hér á landi og hennar sér stað alla staðar í Skandinavíu, nema á Finnlandi; þar hafa menn ekki enn gefist upp“, segir Kjartan. „Vandinn sem við er að eiga er að sami um allan heim; ef tónskáld semur af erfiða tónlist vill enginn leika hana og ef tónlistin er ekki leikin þá er tónskáldið ekki til. Það má því segja að tónskáld séu í þeirri erfiðu afstöðu að verða að taka visat tillit til áheyrenda án þess að glata sjónar á innihaldi.“ Harper tekur undir þetta, en honum þykir ekkert athugasemjast við þessa þróun; ekkert tónskáld semji eða hafi samið í tónarúmi; öll séu þau að semja fyrir einhverja, hvort sem það er meðvitað eða ekki.

Gróskan er neðanjarðar

Að sögn Harpers er mikil gróskan í bandarískri tónlist, en gróskan sé nánast öll neðanjarðar. „Flest tónskáld vinna akademískt og sá hópur er mjög lokadur, samrýndur og dauður; fastur á áttunda áratugnum. Annar hópur leggur stund á kvikmyndatónlist, og hugmyndaríkustu tónskáldin fara gjarnan út í

álka vinnu, því þau fá færi á að reyna ótal hugmyndir; geta gort nánast hvað sem er, en það er viss galli að um leið og þessi tónlist er löulega sú gróskumesta hverfur hún yfirleitt í bakgrunninn. Þriðji hópur tónskálda starfar svo í popptónlist; það getur hver sem er sett upp fullkominn tölvubúnað og farið að semja. Þetta hefur vitanlega mikil áhrif á tónsmíðar, eins og það hafði áhrif á þróun og grósku í klassískri tónlist á gullöld hennar þegar annar hver aðalsmaður lék á hljóðfæri og/eda samdi tónlist. Vitanlega léku flestir illa og flest verkanna klén samsetning, en málið skiptir að þetta var fólk sem hafði áhuga á tónlistinni og varð til þess að það hafði skilning til að skilja það sem tónjónar eins og Beethoven voru að semja og að sama skapi hafði tónlistarökkan þessara áheyrenda sem Beethoven samdi fyrir áhrif á tónsmíðar hans.

Á áttunda áratugnum var mikill um að vera í nýrri tónlist í Bandaríkjunum, en það var tónlist skrifuð fyrir þá sem þekktu til tónlistar og tónlistarsögu og slík þekking var nauðsyn til að skilja það sem fram fór. Þessi þekking var aftur á móti ekki almennt til staðar, öllt því sem var þegar Beethoven var að semja sín verk svo dæmi sé tekið. Í dag er aftur á móti að skapast þekkingargrunnur því þeir sem eru að flást við rafeindapopp og danstónlist eiga eftir að leita í tónlist sem gefur meira.“

Harper nefnir einnig að danstónlist, eða ambient-danstónlist, sem er mjög vinsæl meðal ungs fólks, sé á tíðum skammt frá alvarlegri tónlist. „Það er því nóg að gera í tónsmíðum í Bandaríkjunum og það eina sem vantar er áhorfendur; fólk vill ekki heyrna nýja tónlist, það vill ekki heyrna eitthvað ógrandi.“

Litið til beggja átta

Eins og áður sagði eiga þeir William Harper og Kjartan Ólafsson verk á raftónleikum kvöldins í Sólon Íslandu, sem hafa yfirskriftina *Litið til beggja átta*, en einnig er á efnisskránni verk eftir Hilmar Þórðarson. Án titils. Beðnið að lýsa verkum sínum er William Harper fyrri til og segist nánast eingöngu semja fyrir leikhús og því sé erfið að gripa eitthvert verk og flytja slitið úr samhengi. Hann hafi því sett saman svitur úr leikhústónlist og óperum sínum. *Peyote Roadkill*, sé rafeindaopera sem gerist í audurhluta Bandaríkjanna, *Snow Leopard* sé byggð á kynnum Bandaríkjamanns af tibetiskum guðum og *Cooking the World* fjalli um tvo matreiðslumenn sem eru einir eftir í heiminum. Kjartan segir að átt verk; Summary: Three Worlds According to One, sé sett saman úr hlutum úr öllum sínum verkum frá 1984 til 1994; eins konar yfirlit um það sem hann hafi fengið við, „og það er ekki aðgengileg tónlist“, leggur hann áherslu á að lokum.

Samkomur

Félagsvist

Spíluð verður félagsvist á vegum eldri borgara í Kópavogi að Gjábakka, Fannborg 8, í kvöld kl. 20.30.

ErkiTíð '96

Í kvöld kl. 20.00 verða kamertónleikar á Sólon Íslandu, og hafa þeir yfirskriftina *Litið til beggja átta*.

Hálft í hvoru á Kaffi

Reykjavík

Í kvöld skemmtir hljómsveitin Hálft í hvoru á Kaffi Reykjavík.

Í samvinnu við Tónskáldafélag Íslands og ErkiTíð

Magnús Bl. Jóhannsson Snorri S. Birgisson
Hjálmar H. Ragnarsson Þorsteinn Hauksson
Karólína Eiríksdóttir Ríkharður H. Friðriksson

Paul Lansky
Tinnitus
Trevor Wishart

Helgi Pétursson
Orgelkvartettinn APPARAT
Edgard Varese
Don Buchla og Peter Apfelbaum

Hans Peter Stubbe Teglbjærg
Ríkharður H. Friðriksson
Jóran Rudi

Jack Vees
Skúli Sverrisson og Hilmar Jensson

Stílluppsteypa
Wouter Snoei
Vindva Mei
Product 8

Konrad Boehmer
Dávid B. Fransson
Laurens Kagenaar
Tónlistaratriði beint á netinu frá Princeton háskóla.
Hlynur Aðils Vilmarsson
AuxPan

IFBA

LISTIR

Þriðji hluti tónlistarhátíðar Tónskáldafélags Íslands

Mikil og stöðug gróska í tónsköpun á Íslandi

Þriðji og síðasti hluti tónlistarhátíðar Tónskáldafélags Íslands í samvinnu við Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000 er nú hafinn og stendur til 21. nóvember nk. Margrét Sveinbjörnsdóttir ræddi við Kjartan Ólafsson, formann Tónskáldafélagsins, um hátíðina en þar verða flutt verk samín á tímabilinu 1980–2000 eftir fjölmörg íslensk tónskáld.

TVENNIR tónleikar í samvinnu við raf- og tölvutónlistarhátíðina ART2000 og ErkiTíð 2000 markar upphafið að þessari þriðju og síðustu tónlistarhátíð Tónskáldafélags Íslands. Þeir fyrri voru í Salmum í Kópavogi sl. miðvikudagskvöld og hinir seinni verða í kvöld á sama stað. Álls verða tónleikarnir tólf og á þeim verður flutt íslensk tónlist frá síðustu tveimur áratugum aldarinnar sem senn er lófin. Flutt verða verk eftir flest núlifandi tónskáld á Íslandi og sérstök áhersla lögð á yngstu kynslóð tónskálda og reynt að

skyggja inn í tónlist nýrrar aldar. Þegar við höfðum ákveðið að halda þriðja hátíðir og skipta öldinni niður í þrjú tímabil var fyrsta hugmyndin sú að fyrsti hlutinn yrði frá 1900 til 1933, annar hlutinn til 1966,6 og svo sá síðasti fram til aldamóta. En þegar við fórum að ræða við okkur fróðari menn sem þekktu íslenska tónlistarsögu allt frá upphafi aldarinnar, eins og t.d. Jón Þórarinsson, þá kom í ljós að þetta væri ógjörningur og mjög óvitrulegt. Niðurstaðan varð að skipta íslensku tónlistarsögu tuttugustu aldarinnar upp í tímabilin 1900–1950, 1950–1980

og 1980–2000. Við getum séð fyrir okkur að ef við höfðum svona áfram yfir fjórði hlutinn 2000–2010. Þetta sýnir fyrst og fremst hversu mikil og stöðug gróska hefur verið í tónsköpun og tónleikahaldi á Íslandi eftir því sem lífið hefur á öldina og er enn vaxandi eftir því sem best verður séð," segir Kjartan Ólafsson, formaður Tónskáldafélags Íslands.

Höfundareinkenni orðin skýrari

Í upphafi aldarinnar voru íslensk tónskáld að reyna að tileinka sér aðferðir sem voru töluvert gamlar á evrópskan mælikvarða. Um og upp úr miðbiki aldarinnar voru að koma hingað erlendir straumar og margar bytingarkennar hugmyndir sem sumar voru þó svöltil einstrengingslegar en í samræmi við það sem var að gerast erlendis. Síðasti hluti aldarinnar má segja að sé hálfgerð frívinnsla úr þessu. Þá fara íslensk tónskáld að nýta sér allar þessar bytingarkennu hugmyndir og brjóstað meira og meira undan þessum einstrengingslegu hugmyndum og fyrirfram ákveðnu faglegu reglum sem oft voru gefnar út á tónlistarstefnum úti í heimi. Eiginlega má segja að á þessum tíma séu íslensk tónskáld að uppfæra allar þessar dramatísku breytingar sem



Margrét Sveinbjörnsdóttir

Kjartan Ólafsson, formaður Tónskáldafélags Íslands.

hafa orðið á íslensku tónlistarsögu síðustu hundrað ár. Það sem einnig einkennir þennan hluta er mikil fjölbreytni og höfundareinkenni eru orðin miklu skýrari," segir Kjartan.

Hlustendur, tónlistarmenn og tónskáld framtíðarinnar

Meðal fytjenda á tónleikum hátíðarinnar sem nú er hafin má nefna Peter Máté píanóleikara, flautuleikara Guðrúnu Birgisdóttur og Martiál Nardeau, Pétur Jónsson gítarleikara, Einar Jóhannsson klarinettuleikara, Richard Talkowsky sellóleikara, Örn Magnússon píanóleikara, Caput, Hamrahildar-kórinn, Skólakór Kársness og

Gradualekór Langholtskirkju. Þá koma kammersveitir frá Tékklandi og Ítalíu og frá Noregi kemur tónlistarleikuhús fyrir börn, Opera Omnia. Kjartan vekur sérstaka athygli á barnadagskránni og því að sérstakir tónleikar verða helgaðir ungum tónskáldum sem enn eru í námi. „Við viljum reyna að gera eitthvað fyrir erfingja íslensku tónlistarlífs – hlustendur, tónlistarmenn og tónskáld framtíðarinnar," segir hann.

Verk sem frumflutt verða á hátíðinni eru eftir tónskáldin Snorra Sigfús Birgisson, Bárú Grimsdóttur, Svein Lúdvík Björnsson, Elinu Gunnlaugsdóttur og Karólínu Eiríksdóttur en auk þeirra verða flutt

TÓNLIST

Tjarnarbið

ERKÍTÍÐ '98

Porkell Sigurbjörnsson: *Bergabesk og Caudae* (frumfl.). Atli Heimir Sveinsson: *Grand Duo Concertante II og Íslenskt rapp* (frumfl. á Ísl.). Svein Lúdvík Björnsson: *Glerskuggar*. Atli Ingólfsson: *Flecte Lapis II*. Kolbeinn Bjarnason, b.: Eydis Franzdóttir, ób.; Guðni Franzson, klar.; Brjánn Ingason, fag.; Emili Friðfórnsson, horn; Eiríkur Ö. Pálsson, trpt.; Sigurbjörn Þorbergsson, bäs.; Snorri S. Birgisson, Atli Heimir Sveinsson, pno.; Steef van Oosterhout, slagv.; Zdzisław Dubik, Hildigunnur Halldórsdóttir, f.; Guðmundur Kristmundsson, vla.; Sigurbjörn Halldórsson, selli; Richard Korn, kb. Stjórnandi (*): Guðmundur Óli Gunnarsson. Tjarnarbið, sunnudaginn 1. nóvember kl. 17.

UNDIR fyrirsögninni *Afmælisbörn* fóru tónleikar nr. 2 á ErkiTíð '98 af stað, og „í loftið“ eins og sagt er á magnaravarmáli (þeim var útvarpað beint af RÚV), á slaginu 17 á sunnudaginn var við áætlað aðsókn. Atti hún vissulega rétt á sér, því af þrennum tónleikum þessarar ErkiTíðar höfðu þessir upp á mestan metnað, mesta fjölbreytni og mesta skemmtun að ljóða.

„Afmælisbörn“ voru Porkell og Atli Heimir, báðir sextugir á þessu ári og í fyrirrúmi á héraðsreidri dagskrá. Var vissulega ekki óúndverskt fyrir yngri og óreyndari starfsmönnum að lenda í samanburði við afkastamestu tónhöfunda

Poppjukk á framúrstefnuvæng

ljóveldisins, en verk ungherjanna voru engu að síður áhæfuleg og fallin til að auka enn fjölbreytni einhverra skrautlegustu tónleika héraðsins um allan langt skeið.

Blásarakvintettinn *Bergabesk* (= Bergenskar arabeskur) eftir Porkell Sigurbjörnsson var saminn 1979 í Björgvin. 8 tóna steffur sem hljómaði nauðalíkt og lenging á skrautnótum þeirri er Bach nefnir „Trillo and Mordant“ var gegnumgangandi, en annars skiptust á margskonar blásbrigði í þessu afar velhljómandi verki, sem í norrænni heidriku sinni gat leitt hugann að bjartari augsablikum Carls Nielsens. Fimmenningsarnir úr Caput léku festastíð skínandi vel, og ekki dró úr litauðgi verksins að flautuleikarinn dobblaði á pikkóð og klarinettleikarinn á bassaklarinett eins og að drekka vatn. Listmúsík þessa síðasta aldarþriðjungs er ekki ósálf af hlustvænni kammertónlist, og gegnir því furðu að eynakness af héraðsreidri gráðu skuli enn ekki fyrirfinnast á gelsladi.

Undirritaður heyrði síðast *Grand Duo Concertante II* (Schumann ist der Dichter) Atla Heimis fyrir flautu, klarinett og tónband fyrir tveim árum í Leik-

húskjallaranum. Hélt verkið vel upphaflegum ferskleika og náði nú sem fyrr miklum áhrifum með sérkennilegu samblandi sínu af barnshljóðum á bandi og framsæknum og stundum snældutrylftum effektnum í frásærru tálkun þeirra Guðna og Kolbeins. Niðurlagskaflinn, með brot úr flutningi ótlgreindra fjórmenninga á Adagioþætti úr strengjakkvartetti eftir Schumann, kallaði aftur fram eftirminnilega fríðsæld eftir átök sem minntu að því leyti á Es íst geng, Bach-tílvinnunni í lok fólukonserts Bergs.

Sveinn Lúdvík Björnsson átti eftir hlé órestitt en því samþjappaðra verk fyrir einleiksbó að nafni Glerskuggar, sem Eydis Franzdóttir, hverri verkið var tileinkað, lék þrjúsvæl, að meðtöldum fásæm vandasömum tvíhljómsnotum. Þrínest frumfluttu heyrnartólsbúna Caputspilararnir Snorri Sigfús Birgisson á rahljómborð og Guðni Franzson á klarinett ErkiTíðarþóntunarkerkið *Flecte Lapis II* („Sveigður steinn“) eftir Atla Ingólfsson, okkar mann í Bologna, eftir skamma bíð vegna tæknitafa. Upphafshljóðið barst úr hátóðum og hljómaði helzt líkt og malandi risaköttur, en fljótlega

bættust allskýns slaghljóð við í salarhornaspannandi fjórása „sensurround“ og hugartengslin við bassaköttinn dofnuðu, unz klarinettið tók snöggvást upp á að „mjálma“ frekjulega, og þá í sópranlegu. Væntanlega hefur þó annað vakað fyrir höfundi, eða (skv. tónleikaskrá) „tilraun til að mynda nauðsynlegt samband fytjenda og afhljóða“ (á nútíma íslensku sömpl), „yfirlétt þannig að fytjandinn leikur með og á móti því sem hann er nýbúinn að leika, en eftir settum reglum sem sameina á einhvern hátt mann og vél.“

Svo mörg voru þau orð, og kannski hafa þau sagt nærstöddum fagbræðrum Atla eitthvað. Undirrituðum var hins vegar efið í huga þakklæti fyrir að þurfa ekki að vakna við ágengan koparslátt sem þennan á bláum mánuðagsmorgni.

Að hjaðningavígum Atla afstöðnum var ákveðinn hugarléttir að frumflutningi kvartetts eftir Porkell Sigurbjörnsson fyrir flautu, klarinett, víolu og básúnu er hann nefnir *Caudae*, þóntun fyrir ErkiTíð '98. Hafi Bergabeskið verið hánorrant, þá mátti hér greina eilíttinn rómantískan ilm af aust-rænu lagferli. Hvort titillinn („Hal-

ar“) eigi við siskróuð en smám saman umbreytt þrástef hvers hljóðferis, er líðu um loft líkt og þættir í lifandi fléttu, skal ósagt látið, en svo mikil er vísit, að í vakurri tálkun fjórmenninganna leiddi tíminn undrafljótt, og var það jafnframt helzt galli verksins. Gott tók of skjótan enda og sepi á meira, en það kom ekki.

Loks hneig að því sem allir biðu eftir, *Íslensku rappi* Atla Heimis fyrir kammersveit, sem Caput frumflutti á Varsjárhaustinu nýverið í Póllandi. Það þarf ekki að orðlengja það, verkið sló í gegn. Hlustendur létu varnaðarorð höfundar í tónleikaskrá um „poppjukk á framúrstefnuvængnum“ lítið á sig fá og féllu unuvörpum í hrifningartans og hláturskóð við ófemina útterslu Atla á kvæðumannahrynjandinni rammislenzku er menn þekkja best frá „Hani, krummi“ og gat verið sitt lítið af hverju í einni kós – Weill, vorblót, visnakvöld og Spike Jones, svo fátt eitt sé nefnt. Hljómsveitin virtist ekki skemmta sér síður en áheyrendur; kvæði á og söng af raust inn á milli spilkafu undir röggsmari stjórnum Guðmundar Óla Gunnarssonar, svo að hlustendur verkjaði í þind og brosvöðva lengi á eftir.

Höfundur, sem lék sjálfur með á hljómborð, áttar skv. tónleikaskrá á gera fleiri röpp, því þau geri svo mikla lukku. Eftir undirtektunum sl. sunnudagskvöld að dæma kemni þá ekki á óvart. Enda dréttir tónskáldið fram í skránni: „Formúl-an er potthétt.“

Ríkardur Ö. Pálsson

Opnunarhátíð Alþjóðlegrar raf- og tölvutónlistarhátíðar í Salnum í kvöld

Verk fyrir tónband og flugelda flutt utandyra

Opnunarhátíðin er haldin í samvinnu við Tónskáldfélag Íslands og ErkiTíð og markar upphaf að þriðju og síðustu tónleikaröð Tónskáldfélagsins sem haldin er í tengslum við Reykjavík-menningsborg Evrópu árið 2000.

Meðal þeirra tónskálda sem flutt verða verk eftir á opnunarhátíð ART2000, alþjóðlegu raf- og tölvutónlistarhátíðarinnar, sem hefst í Salnum, tónlistarhúsi Kópavogs, í kvöld eru þeir Magnús Blöndal Jóhannsson og Lárus H. Grímsson. Margrét Sveinbjörnsdóttir ræddi við þá um verkin og gluggaði í efnisskrá þessara fyrstu tónleika hátíðarinnar.

utandryra, 3 pýramíðar, verk fyrir tónband eftir Jóhann G. Jóhannsson og Target, verk fyrir tónband og flugelda eftir sænska tónskáldið Aake Parmrud. Um er að ræða Íslandsfrumflutning á síðastnefnda verkinu, sem er með fyrir fluga hljóðyrir bóðs sem hefst.

DV LAUGARDAGUR 18. MAÍ 1996

ErkiTíð '96 lokið

Tónlistarhátíðinni ErkiTíð '96 lauk um þriðjudegið með söngtónleikum á Sóloni Íslandusi þar sem flutt voru verk íslenskra tónskálda. Á fimtudeginum voru haldnir kammertónleikar þar sem nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík fluttu verk íslenskra höfunda. Fullt var út úr dyrum á þeim tónleikum og sérlega ánægjulegt að vitna hve mikill áhugi virðist vera hjá unga fólkinu á nýrri innviðri tónlist, enda skein einbeitingin úr andlitum flytjendanna og var margt mjög vel gert hjá þessum framtíðartólkendum okkar í tónlistinni.

Á föstudagskvöldið voru síðan tónleikar þar sem Caput-hópurinn flutti þrjú verk jafnmargra höfunda. Fyrst er þar að telja Impromptu fyrir klarnettu og strengjasveit eftir ítalska tónskáldið Aldo Clementi. Þetta er fremur hæglað og líðandi tónlist að yfirbragði en þar fléttast í þykkum vefnaði kontrapunktískar línur, sem, eins og bent var á í umræðum sem fram fóru eftir tónleikana, minna

Tónlist

Áskell Mässon

nokkuð á sönglínur í ítölskum óperum.

Síðan var flutt verkið Grand Duo Concertante III: Opnar dyr, eftir Atla Heimi Sveinsson, sem hann samdi á síðasta ári. Það voru þeir Kolbeinn Bjarnason og Guðni Fransson sem léku verkið ásamt tónbandi. Verkið er í fjórum þáttum og a.m.k. titillinn er fenginn að láni hjá meistara Schumann. Mars konar hljóð koma við sögu á tónbandinu og eru þar nokkuð áberandi barnshljóð, bæði hjál og grátur. Þriðji þátturinn er hárytmiskur, þar sem hljóðferin og tónbandið skiptast stöðugt á höllum og reynir hann töluvert á flytjendurna. Áður en verkinu lauk lék m.a. höfundurinn nokkra hljóðláta möll- hljóma með og var síðan sem verkið fjarði út.

Flutningur þessara verka var í alla staði frábær, hvorki meira né minna, og átti það einnig við um síðasta verkið en það er eftir Danann Lars Graugaard og heitir Tongues Enrobed (1995), skrifað á síðasta ári fyrir bassafloutu, gítar, píanó, slagverk, fiölu og selló. Þetta verk er einstaklega dimmtónað og málað dökku litum, er yfirleitt hægt og líðandi en verður undir lokin kröftugar uppþröppar eftir allmörv tremolando sem rissa og hniga í styrk. Eftir einleik á þákur með berum höndum endar verkið á hljómunum leiknum af öllum hópunum.

Aðstandendum ErkiTíðar '96 er hér með bæði þakkað og óskað til hamingju með gott og ánægjulegt framtak, vonandi verður þessi hátíð regluleg- ur listviðburður hér í höfuðborginni.



Caput-hópurinn var meðal þeirra sem komu fram á tónlistarhátíðinni ErkiTíð '96 á dögunum.

ErkiTíð '96

Á TÓNLEIKUM Caput hópsins í kvöld kl. 20 verður á efnisskránni Impromptu (1989) fyrir klarnettu og strengjasveit eftir Aldo Clementi, Grand Duo Concertante III: Opnar dyr (1995) fyrir flautu, selló og tónband (frumflutningur á Íslandi) eftir Atla Heimi Sveinsson, Tongues Enrobed (1995) fyrir bassafloutu, gítar, píanó, slagverk, fiölu og selló eftir Lars Graugaard.

Á söngtónleikumum Út úr haus sem haldnir verða á laugardag kl. 16.15 verða flutt einsöngslög eftir Hjálmar H. Ragnarsson, Atla Heimi Sveinsson, Gunnar Reyni Sveinsson, Hildigunni Rúnarsdóttir og Jón Leifs. Píanóleikari Steinunn Birna Ragnarsdóttir.

Söngbópur undir stjórn Egils Gunnarssonar flytur lög eftir Þor- kel Sigurbjörnsson, Gunnar Reyni Sveinsson, Hjálmar H. Ragnarsson, Gísli Magnússon, Hildigunni Rúnarsdóttir og Egil Gunnarsson.

ErkiTíð '96 á Sóloni Íslandusi:

Íslensk samtímatónlist og ný erlend tónlist

Þessa dagana er haldin tónlist- arhátíðin ErkiTíð '96 á Sóloni Íslandusi og lýkur henni á laugar- daginn. ErkiTíð var fyrst haldin 1994 í tilefni 50 ára afmælis lýð- veldisins. Þá var meginþema hátíðarinnar íslensk raftónlist í 50 ára. Flutt voru mörg helstu raf- og tölvuverk íslenskra tónskálda frá upphafi.

Aðalstef ErkiTíðar '96 er annars vegar íslensk samtímatónlist og hins vegar ný erlend tónlist. Lítið verður til beggja átta og landslag- ið borið saman í tónum og tali.

Skemmtanir

Nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík flytja íslenska samtímatónlist undir leiðsögn ken- nara en atvinnuhljóðfæraleikarar, þar á meðal Caput hópurinn, flyt- ur erlenda tónlist í lok hverra tónleika er efnt til pallborðsum- ræðna þar sem tónskáld og aðrir viðstaddir bera saman bækur sín- ar.



Meðal flytjenda á ErkiTíð '96 er Caput.

Mörg íslensk tónskáld eiga verk á hátíðinni. Má þar nefna Atla Heimi Sveinsson, Þorkel Sigur- björnsson, Jón Nórdal, Hjálmar H. Ragnarsson, Leif Þórarinnsson, Karólinu Eiríksdóttur, Áskell Mäs- son, Hröðmar I. Sigurbjörnsson og Árna Egilsson.

Í kvöld verða raftónleikar sem

hafa yfirskriftina Lítið til beggja átta, annað kvöld kammertónleik- ar með yfirskriftinni Í andliti sól- ar. Caput hópurinn er á föstudags- kvöld og söngtónleikar á laugar- dag. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 nema á laugardaginn hefjast þeir kl. 16.00.

LISTIR

Raddir vorsins

TÓNLIST

Sólon Íslandus

ERKITÍÐ 96

Verk eftir Hjálmar H. Ragnarsson, Atla Heimi Sveinsson, Gunnar Reyni Sveinsson, Hildigunni Rúnarsdóttir, Jón Leifs, Þorkel Sigurbjörnsson, Gísli Magnason og Egil Gunnarsson. Margrét Sigurðardóttir söpran, Hera Björk Þórhallsdóttir söpran, Ólafur Rúnarsson baríton, Hanna Björk Guðjónsdóttir söpran. Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píano. Sönghópur u. stj. Egils Gunnarssonar. Sóloni Íslandusi, laugardaginn 11. maí kl. 16:15.

SÍÐUSTU tónleikar tvíæringens ErkiTíðar '96 af sex voru haldnir á efri hæð Sóloni Íslandusar á laugardaginn var fyrir troðfullu húsi.

Ad þessu sinni stóðu kennarar og nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík fyrir öllum flutningi og drjúgum parti tónverka að auki. Fyrst voru 9 einsöngslög, en síðar fylgdu 8 kórlög af mismunandi lengd.

I brennidepli fyrri helmings stóðu fjórir ungir einsöngvarar, og voru konur þar, eins og oftast orðið á þeim vettvangi, í meirihluta. Þó að raddhljóðfæri ungmennanna hafi, eins og gefur að skilja, verið á við nýtsprungrun blóm, er eiga eftir að aukast til muna að stærð og líta- auðgi, þá komi verulega á óvart, hvað söngtækni þeirra stóð á styrk- um grunni. Algengir byrjanda- ördugleikar í sambandi við inntón- un, tónstöðu, stuðning, hæð, botn og úthald voru hverfandi og bentu til góðra hæfileika, ástundunar og skilvirkrar kennslu.

Með tilliti til þess hvað Íslendingar hafa íðulega trassað að hefja alvöru söngmám nógu snemma, er gott til þess að vita, að hæfileika- ríkt fólk sé loks farið að ná góðri undirstöðu þegar á æskuvori. Það er líka eina leiðin, ef árangur á að nást, áður en hausta fer á svið hvers, enda fer framboð og samkeppni úti í hinum harða heimi svaxandi. Ætlar undirritaður sér ekki þá dul að gera upp á milli söngvaranna, enda öll efnileg og á sviðuð reki, og leit að sinni duga að óska þeim velfarnaðar í baráttunni sem fram- undan er. Einsöngslögin voru mjög smekklega valin og gáfu vísbend-

ingu um vaxandi breidd íslenzkra sönglaga á síðustu árum, enda ekki seinna vænna að tónskáldin fari að taka við sér, nú þegar framboð vel- menntaðra söngvara eykst hröðum skrefum. Steinunn Birna Ragnars- dóttir studdi sönginn frá píanóinu af alld og smekkvísi.

Hinn aukni áhugi meðal söng- nemenda í seinni tíð á sömsöng og samstarfi í kammerkór birtist með framlagi Sönghóps undir stjórn nú- verandi kórstjóra Háskólakórsins, Egils Gunnarssonar. Sú þróun er góðs viti fyrir íslenzk kórverk, er hingað til hafa þurft að takmarka sig við getu áhugamannakóra. Þó að „flokknara“ sé ekki undantekning- arlaust „betra“, þá gætu með sama framhaldi komið upp kórar í fyrir- sjáanlegri framtíð, er ráða við mun kröfuharðari verk en hingað til hafa heyrt á landinu, og auka þannig sköpunarsvigrúm tónskálda.

Tíu einstaklingar skipuðu kamm- erkórinn: Hallveig Rúnarsdóttir, Hera Björk Þórhallsdóttir, Margrét Sigurðardóttir (S); Arnís Stein- þórsdóttir, Marta Hrafnisdóttir, Sól- björt Guðmundsdóttir (A); Gísli Magnason, Sigmundur Sigurðarson (T); Arngeir Heiðar Haukason og Gunnar Benediktsson (B).

Tónverkin voru yfirleitt á léttari eða ljóðrænni kantinum; einna eftir- minnilegst hinn stutti Tröllaslagur Þorkels Sigurbjörnssonar frá 1970, Kossar eftir Gunnar Reyni Svein- son í rómantískum mótettustíl, og hið rýtmíska Fenja Úhra (1982) við bulltexta Dúnganons, er sýndi leyni- þræði Hjálmarar Ragnarssonar til vaggis og veltu, svo ekki varð um villzt. Kallaði stjórnandinn þar fram skemmtilega mikla styrkvídd úr kórnum, og hið ný-impresjóníska Syngur sumarregni eftir Hildigunni Rúnarsdóttir, með krómatiskt und- irsöngs-práttel í Bruckner-rytma, kom að vanda vel út í yfirvegubum tærleika sínum. Hallveig Rúnars- dóttir, systir höfundar, söng hjartan en kyrrlátan einsöng.

Kammerkórinn söng ákaflega hreint og agað undir stjórn Egils Gunnarssonar, þó að karlaraddir væru kannski helst til fjar og bass- inn í grynna lagi, enda raddsviðið seinþroska og meðalaldur söngvara lágur. Í heild voru tónleikarnir engu að síður hinir vönduðustu og að- standendum til mikils sóma.

Ríkardur Ö. Pálsson

DV

Menning

ErkiTíð

Íslenska tónlistarhátíðin ErkiTíð hófst með tónleikum á efri hæð Sóloni Íslandusar s.l. föstudagskvöld. Hátíðin er samvinnuverkefni ErkiTónlist- ar s/f og Tónlistardeildar RÚV með stuðningi frá Tónskáldafélagi Ís- lands. Raf- og tölvutónlist á Íslandi frá upphafi er þema hátíðarinnar í ár, en ætlunin mun vera að halda þessa hátíð árlega hér eftir og beina athyglinni að einhverjum afmörkuðum geira í íslenskri tónlist í hvert sinn. Þar sem Magnús Blöndal Jóhannsson er brautryðjandi í elektrón- ískri tónlist hér á landi er honum skipað í öndvegi á þessari hátíð. Hvorki meira né minna en 36 tónverk eftir 14 íslensk tónskáld verða flutt á hátíð- inni, á sjö tónleikum sem allir eru haldnir þessa helgi. Þetta frábæra fram- tak vakti svo sannarlega athygli ef marka má aðsókn í gærkvöld en þá var húsfyllir.

Tónleikarnir hófust með nýju verki sem pantað hafði verið sérstaklega af aðstandendum hátíðarinnar frá hendi Magnúsar Blöndals. Verkið nefn- ir hann Brim og auk tónbands, léku þeir Kolbeinn Bjarnason á flautu,

Tónlist

Áskell Másson

Halldór Haraldsson á píano og Geir Rafnsson á slagverk. Magnús er sam- ur við sig í tónskáldskap sínum og tefir hér saman afstrakt hljóðum ýmiss konar við ljúfar lagrænar hendingar. - Það er oftast stutt í melód- istann Magnús - flautan tók enda hendingarnar saman í lokin og lék þá hellisteypta fagra laglinu. Þetta var frumflutningur verksins og var vel skilið. Næsta verk, Búr, eftir Atla Heimi Sveinsson, var einnig frum- flutt. Ad þessu sinni var það klarinettríóið Chalumeau sem lék með tón- bandi. Klarinettin hófu verkið í mjög háu registri (tónhæð) og mynduð- ust sterkir differece-tónar. Tónbandið hljómaði oftsinnis svipað og tromma og tók við kaffi þar sem hver rytminn tók við af öðrum. Klari- nettin áttu síðan lokaorðið. Þetta er verk hreint í formi og var það vel leikið af þeim Sigurði Snorrassyni, Óskari Ingólfssyni og Kjartani Óskars- syni - Chalumeau-tríóinu. Nýtt verk eftir Gunnar Reyni Sveinsson - einn- ig frumflutt - var næst á efniðskrá: Hvarvetna leita ég þín. Verkið er í mörgum stuttum köflum sem eru mjög ólíkir innbyrðis. Undirritaður tálkaði það sem leitina sem höfundurinn höfðar til í titlinum, en hvað um það, verkið var hið áheyrilegasta.

Bragðlaukar eftir Lárus Halldór Grímsson hljómaði næst, en það er skrifað fyrir slagverk og tónband. Eins og oft áður er stutt í kinnina hjá Lárusi en þetta skemmtilega rýtmíska tónverk var og frábæra flutt af Geir Rafnssyni á slagverkið.

Tónleikunum lauk með verki eftir Magnús Blöndal, að þessu sinni göml- um kunningia, verkinu Sonorities III fyrir píano og tónband. Nú sem áður lék Halldór Haraldsson á píanoíð og gaman var að heyra hversu mikið vatn hefur runnið til sjávar hér á landi síðan verk þetta leit dags- ins ljós, árið 1968. Verðskuldaði Magnús það svo sannarlega, þegar hann var sérstaklega hýlltur í lok tónleikanna.



CAPUT- hópurinn á sýningu fyrir skómmu.

Hauslausir höfuðpaurar

TÓNLIST

Sólon Íslandus

ERKITÍÐ '96

Verk eftir Aldo Clementi, Atla Heimir Sveinsson og Lars Graugaard. Caput hópurinn u. stj. Guðni Franzsonar. Sólon Íslandus, föstudaginn 10. maí kl. 20.

UNDIR fyrirsögninni CAPUT: Hauslausir var fimmtu og næststórustu tónleikunum í röðinni ERKITÍÐ '96 fitt úr vör á efri hæð veitingastaðarins SÓLON Íslandus sl. föstudagkvöld við þokkalega góða aðsókn. Miðað við aðstæður.

Aðstæður á Vesturlöndum hafa ekki verið höfðollur þeirri grein í samtímatónlistinni sem kölluð hefur verið framsækni. Eins og Ríkharður H. Friðriksson kemur inn á í inngangsorðum ERKITÍÐarskrár, er framboðið af hverskonar afþreyingarmúsík orðið slíkt nú á dögum, að athygli áheyrenda hefur minnkað.

Á hinn bóginn verður heldur ekki sagt, að framsækna tónlistin hafi tekið tillit til aðstæðna. Þvert á móti hefur hún látið sér þær sem vind um eyru þjóta, enda liggur kannski í nafngiftinni, að framsækni tónlistarhólr minnst af öllu um þarfir „markaðarinnar“ - orð sem fór ákaflega fyrir brjóstið á sumum tónskáldum og flytjendum í förgum umræðum höfundar, hljóðfæraleikara og tónleikagæsta eftir að leiknum lauk. Sveif þar tal manna um skeið hættulega nærri spurningunni um fyrir hverja listmúsík vorra tíma sé eiginlega samín, ef marka má tónleikaaðsókn og hljómpólusölu, og hefi þá jafnvel getað hvarfað að manni strákalegru grunur um að slík músík - að ógleymdum förnúsum hágræðaflytjendum á við Caput - sé oftar en ekki sniðin fyrir önnur tónskáld. Og opinbera styrki.

Einn blaðamaður suðurskandi-navískur gekk svo langt í vetur að fullyrða, að styrkjakerfi eins og NOMUS væri sambærilegt við súr-efnistjald, án hvers megnuð af framsækinni samtímatónlist myndi samtundis deya drottin sínum. Breytinga væri þörf, er tekiu meira mið af óskum almennings, í stíl við þá afþjafa víða, sem farnir eru að leika um opinbera fjármögnun í evrópski kvikmyndagerð.

Fyrir 30 árum var öll samtíma-„fagur“tónlist framúrsteftuleg. Svo er ekki lengur. Hlustendur hafa flestir kvatt fyrir löngu, og jafnvel höfundar eru margir hverjir farnir að „linast“ í afstöðunni. M.a.s. erki-fmyndir framúrsteftu eins og Penderecki hafa á síðustu tímum látið eftir sér að dótta við „gamaldags“ rómantik.

Þess gætti þó ekki á þessum tónleikum. Öðru nær. Tónverkin hefðu að mörgu leyti getað verið samín

fyrir 30 árum, og verkuðu á köflum furðu þvæld og óggrandi. Fátt er eins þreutlegt og öfgar hins nýlóna. Eða eins og Rolling Stones sungu um árið: „Who wants yesterday's papers?“

Það eina, ef nokkuð var, sem hafði breytst, var heildarferðin. Eins og stjórnandinn orðaði það eru menn farnir að gefa sér meiri tíma, haldra sér við einn keip, í stað þess að flögna milli ólíkra stemninga og satgerða. Sem bendir til þess, að framsækna tónlistin sé nú búin að skorta sig endanlega af í ofurflitu hófi, er gerir ekki lengur ráð fyrir að grandlausir áheyrendur álpið inn fyrir forvitni eða tilbílun. Tónleikagæstir vita að hverju þeir ganga, og þóirfin eru sterkari en áður var.

Fyrsta verkið var eftir Ítalann Aldo Clementi, „Impromptu“ fyrir klarinett og strengjakvartett, hér leikið af strengjakvartett. Hvort sem nokkur langfæðgaskyldleiki hafi verið við sónatinu höfundinn með sama áttar-nafni, samtímannann Beethovens, eður ei, þá leyndi tilfinning Ítala fyrir laginu sér ekki í þessu stutta verki, þó í pólyfónísku formi þéttspunnins vefnaðar væri, svo þéttum, að undirritaður átti sig ekki á þrífekningu verkisins (með mismunandi spilunarárferð þó), fyrr en Guðni Franzson benti hlustendum á þetta í umræðuhluta tónleikanna.

Ahöfnin klarinett + strengjakvartett mun sem kunnugt er umfram allt fræg fyrir eitt sigilt tónverk, Klarinettkvintett Mozarts, og kann það að hafa haft sín áhrif, því í frábærum flutningi Caput-félaganna Ándar Hafsteinsdóttur, Zbigniew Dubiński, Guðmundar Kristmundssonar og Sigurðar Halldórssonar, auk Guðna, er stjórnaði frá klarinetti sínu, nálgastist stykkið að feta fegurðargildi fyrri tíma, þrátt fyrir að vera kirflega handan við dár og moll.

Hafi Clementi verið stuttur (og þéttur) í spuna, vildi „Grand Duo Concertante III: Opnar dyr“ Atla Heimis Sveinssonar frá fyrri fyrir flautu, selló og tónband ekki fyrir sér að hirta bróðurpart tónleikátímanna. Að svo miklu leyti sem undir-heyrdi rétt úr kynningu Atla gegnum umferðarkúð og verðhúsdó. frá neðri hæðinni, mun verkið innblásið af frönsku fjöð, „Portes ouvertes“ í þýðingu Sigfúsar Þaðasonar. Það var sagt í 4 þáttum og slíkaði mörgu ef ekki flestu því sem nútímahöfundar hafa látið sér detta í hug að leggja fyrir hljóðfæraleikara undanfarnir 40-50 ár, án þess að greina mætti með góðu móti neitt heildarsambengi. Það kann þó aðvitað að hafa verið falið einhvers staðar, þó að undirrituðum hafi mistekist að koma auga á það - hafi höfundur ekki kosið að leggja áherzlu á annað í þessu verki, sbr. titillinn „Opnar dyr“.

Hljóðin af tónbandinu voru af

ýmsu tagi; kljómjúkur strokkvartett í byrjun, en síðan ýmist rafeindahljóð og (einkum) konkretthjóð, þ.á.m. lófatak. Eftirminnilegust voru þó barnshljóðin úr munní ónafrgreinds hlutvöðungs, er virtist stundum gera næstum því rökranar athugasemdir við „skrytnu“ hljóðin frá þeim full-orðnu, Kolbeini Bjarnasyni og Sigurði Halldórssyni, með hjali sínu, hlátri og grát.

Í 3. þætti reyndi gífurlega á árvægni og - sérstaklega - úthald bláaranna í þólsbundnum minimalisma-leitum sí-ítrekunarstata, þar sem brá fyrir antífónískum áköllum milli spilara og tónbands. Undir lok verkisins settist höfundur við flygilinn í kyrr-þey og sló nokkra staka lágstemmda molhljóma, og rödd á tónbandinu tuldraði „Opnar dyr“ með undarlega digrum karlaróm við undirleik þjóðlegra fimmundabörðuna úr knéflötu, una músikin fjarði endanlega út morendissinu.

Það kom flestum á óvart, að höfuðpaurar Caputs, einhverra fremstu málsvara nútímatónlistar á Íslandi úr hljóðfæraleikarastétt, Kolbeinn Bjarnason og Guðni Franzson, skyldu gera verkinu eftirminnileg skil, þrátt fyrir drjúga lengd og ótal fingurbjótta.

Sami hál gegðastaðali á flutningi var til staðar í síðasta verkinu, „Tongues Enrobed“ (Íklæddar tungur) fyrir sextett bassaflautu, gítars, pianós, slagverks, flötu og sellós eftir Danann Lars Graugaard.

Adaleinkenni þessa annars fremur óeftirminnilega verks var áherzla þess á neðra tónsviðið. Með fjölda hæggengra þýrja á ketilbumbu, ýmist með eða án fetilgliss, ásamt stöku leiftrandi böldungshöggi, minnti tónlistin helst á slow-motion lýsingu á þrumuveðri að nálgast úr fjarska, og var timpanistinn, Steef van Oosterhout, að sama skapi áberandi í hlutverki þórðunumeistara. Voru þær stundum svo raunverulegar, að maður seildist ósjálfrátt eftir regnhlífinni. Að öðru leyti vakti gízka fátt athygli, og m.a.s. framúrsteftufíff eins og óblásið klappa-skrölt á flautu, sem eitt sinn þótti með „hottari“ effektum, grát nú varla einu sinni kreist fram geispa hjá áheyrandanum.

Að venju var lítt út á spila-mennsku að setja, og Guðni Franzson stjórnaði af röggsemi þess er þekkir litaspjald röttaekinnar eios og rassvasa sinn. En að manni leiddist samt það hugboð, að þó að nýtt tónverk eigi á sinn hátt meiri nið skilda í flutningi en verk sem þegar hefur sannað tilveruett sinn, þá gæti endrum og eins hafa farið svo, að eitt og annað „loft frá öðrum plánetum“ hlyti vandaðri meðferð en það á í rauninni skilið. Ekki sízt þegar spilarar eins og Caput-hópurinn eiga í hlut.

Ríkardur Ó. Pálsson

Rás 1 kl. 20.00: Mánudagstónleikar í umsjá Atla Heimis Sveinssonar

Í kvöld kl. 20 heldur Atla Heimir Sveinsson áfram að kynna tónverk frá ERKITÍÐ, tónlistarhátíð Íslenskrar raf- og tölvutónlistar sem haldin var á Sólun Íslandusi í október síðastliðnum. Leikin verða þrjú forvitnileg verk sem spanna tveggja áratuga tækniþróun en verkin eru Cho eftir Þorstein Hauksson, Fíprur eftir Þorkei Sigurbjörnsson og Mar eftir Þórólfi Eiríksson. Höfundar og flytjendur segja jafnframt frá verkunum í viðtali við Atla Heimi.



Atla Heimir Sveinsson heldur áfram að kynna tónverk frá ERKITÍÐ.

UPPRISA RAF-TÓNLISTAR

Á tónlistarhátíðum eins og ErkiTíð og Myrkum músikdögum á undanförunum árum hefur það gerst að uppselt hefur verið á tónleika með raftónlist og nútímatónlist en slíkt þótti fáheyrð fyrir rúmum áratug. ÞÓRHALLUR MAGNÚSSON veltir fyrir sér hvað veldur þessari viðhorfsbreytingu.



Stílluppsteypa

RAFTÓNLIST hefur verið í mikilli uppveiflu á síðustu árum og má tengja það við aukinn áhuga og skilning fólks á tölum og tölvulífi. Þetta tónlistarform er hinsvegar stórt en svo nýtt undir nálinni en Karlheinz Stockhausen, John Cage og Iannis Xenakis höfu áberandi tilraunir með það um miðja öldina. Í upphafi klippit men segulbónd og unnu í geymslurum hljóðverum sem einungis fá tónskild áttu aðgang að. Fyrsta rafhljóðverid var stofnað árið 1961 af Herbert Eimert hjá útvarpinum í Köln en Stockhausen kom fljótlega til líðs við hann. Rómum tíu árum síðar var fyrsta tölvuhljóðverid sett upp í samvinnu Bell Telephone Laboratories, J.R. Pierce, M.V. Matthews og D. Lewin. Þar var unnið með tónlist í tölvunni IBM 7090 og sérstökum breytti sem breytti stafrænum upplýsingum í hljóð (e. analog) bylgjur. Þá kom strax í ljós að tölvan bjó yfir fjúrglegum möguleikum hvað varðar vinnslu í tónlist. Árið 1964 setti Robert Moog fyrsta hljóðgeravinnu á markaðinn, en á bonum var mögulegt að búa til fjölda hljóða með því að bæta yfirtönum á einfalda sínusbylgju. Á þessu tímabili urðu tónleikar með raftónlist algengir og hún tók að verkja athygli almennings. Þegar tölvurnar urðu smærri og ódýrari þurftu ekki ríkisstyrki til að nota þær við tónlistarskópun og það leiddi til þess að popptónlistarmenn fóru að notast við hljóðgera og tölvur og má þar nefna fremsta í flokki þýsku hljómsveitina Kraftwerk.



Kjetan Ólafsson

Í dag er staðan sú að tölvur, hljóðsmalar og hljóðgerar eru notaðir í næstan allri vinnslu á tónlist, ef frá er talið tónleikahald með hefðbundnum hljóðfærum. Danstónlistin er svöl eingöngu samín á tölvur og plötusmíðar notast við tölvur og plötusplára þegar hún er flutt á dansstöðum. Þróun tölvutekninnar ásamt nútímavíðhorfi sem felst í að skil „há- og lægmenn“ eru að mást út, hefur leitt til þess að nútímatónlistarinnar er orðin afar víðfélmt. Hún spannar allt frá hreinni mínimalískri danstónlist til flókinnar og tormeltar nútímatónlistar. Sem dæmi má nefna að á austurrísku tölvustarftingunum Ars Electronica var í ár í fyrsta skipti sett saman í flokk klassísk tónlist og teknótónlist og varð það til þess að skapa mikla gerjun og kraftmeiri anda á meðal tónlistarmannanna að þeirra sögn.

Á Íslandi hefur staðan breyst töluvert síðan Magnús Blöndal hóf að gera tilraunir með raftónlist á sjötta áratugnum og var nánast úthrópaður í blöðum fyrir það sem menn kölluðu hræðilegt, úrkynjað athæfi. Magnús átti fyrsta raftónlistarverkið sem flutt var á Íslandi en það var verkið Elektrónísk stúdia, framflutt árið 1969. Þorkeil Sigurbjörnsson framflutti verkið Leikar nr. 3 árið eftir, en víðtökurnar voru hvorki þjóðinni né listspökulöntum hennar til mikils söma. Í dag er staðan sú að nánast all tónskild sem eru kynslóð yngri en þeir Magnús, Þorkeil og Atli Heimir hafa fengið bókmenntir, leiklist, kvikmyndir o.s.frv. - víðurkenna það fyrr eða síðar að erfðasti hlutinn í jöfnunni sem fær verk til að ganga fullkomlega upp er tímahlutinn. Það er afar mikilvægt að atvörðumir, hvort sem þeir henda persónur í leikriti eða þennu í tónlist, gerist á réttum stað og hafi rétta úrvinnslu og tíma innan verksins. Þetta er það langvandasamasta við list. Sé þetta vald tekið frá höfundinum og gefið með tónlistinni, eins og möguleikar tölvunnar bjóða uppá, er í rauninni blíð að kippa mikilvægustu þáttum tón-

listar og allrar annarrar listar, sem vinnur í tíma, úr sambandi. Segja mátti hinsvegar að hér sé verið að brúa bilið milli tölvuleikja og alvarlegrar listaköpunar og það er ekkert sem mælir á móti því.

Flest tónskild þessarar kynslóðar hafa fengið eitthvað við raftónlist. Einn af drifkraftum raftónlistar á Íslandi er Kjetan Ólafsson tónskild. Kjetan hefur staðið fyrir tónlistarhátíðinni ErkiTíð á undanförunum árum, hann er formaður Tónskildafélagsins og höfundur tónlistarforritis fyrir tölvur sem heitir Calmus en það hefur fengið ítarlega umföllun á síðum Morgunblaðsins. Undirritaður hitti Kjetan á Hótel Borg og ræddi við hann um stöðu raftónlistar á Íslandi í dag og hvaða möguleika hin nýja tölvutekni býður uppá. „Athyglisverðasta nýjungin innan tónlistarinnar í dag er í tengslum við gagnvirka eiginleika tölvunnar,“ segir Kjetan. „Bæði tónsmíðar og spíllun geta verið gagnvirkar. Að ákveðnu leyti er forritið Calmus gagnvirk. Maður gefur því ákveðinn efnivið sem er úthugsaður og hefur verið vandað til og settur það inn í forritið. Maður mótast svo efniviðinn gróflaga eftir því sem forritið býður uppá en undir niðri er fullt af litum virknisþáttum sem meta það sem sett er inn, tengir það saman og gefur svo ákveðið svar. Ef svarið er ekki nákvæmlega það sem maður hafði hugsað sér má endurstilla forsendurnar í forritinu og það tekur á efniviðinum aftur og svarar á ný. Forritið er því alltaf að meta hvað notandinn er að hugsa um.“

Kjetan segir vera áberandi mikla uppveiflu í raftónlist þessa dagana og sést það best á því að á tónlistarhátíðum eins og ErkiTíð og Myrkum músikdögum er oft uppselt á tónleika með nútímatónlist. Það sé einnig eftirtektarvert að stór hluti tónleikagæsta er fólk í yngri kantinum sem er alltaf upp við tölvur og fyrir því er hugmyndin um tónlist samda og flutta á tölvum alls ekki framtíðin. En hvað er það sem heillar tónskildin við raftónlistina? „Ég held að það sé fyrst og fremst stærri hljóðheimur og fleiri möguleikar við skópun sem heillar fólk og fær það til að vinna með þetta form. Maður notar tölvurnar til að vicka út litrófið í tónlistinni. Varðandi flutning á raftónlist og tengsl tónskildsins við flutjandann og áhorfendur, þá má vel spila á hljóðsmala og aðrar tölvur með hljóðfærum sínum. Þannig má flytja tónlistina beint og það myndast sama nálgæð sem lifandi tónlistarflutningur býður uppá. Í gamla daga var þetta oft ansi frumstætt þar sem tónlistin var spíluð beint af hljóðbóndum og lítið var hægt að vinna með hana í flutningnum. Núna er samspil raftækja og lifandi hljóðfæra orðið svo margbreytilegt og skemmtilegt að sjaldnast er um beina afspíllun að ræða.“

Í dag eru listamenn miklir að gera tilraunir með þá nýju fagurfræði sem tölvur býður uppá og þá sérstaklega gagnvirknina. Í tónlist er þetta mögulegt eins og í hinum listum. „Ég verð að víðurkenna að þó mér finnist gagnvirknin athyglisverður og skemmtilegur möguleiki sem býður uppá á meiri eftirvinnslu á tónverkinu þar sem hlustandinn getur notið verksins á allt annan hátt en áður tilkæðist, þá veltur allt á því hvernig þetta er gert. Flestir listamenn sem vinna með list háða tíma - svo sem tónlist, bókmenntir, leiklist, kvikmyndir o.s.frv. - víðurkenna það fyrr eða síðar að erfðasti hlutinn í jöfnunni sem fær verk til að ganga fullkomlega upp er tímahlutinn. Það er afar mikilvægt að atvörðumir, hvort sem þeir henda persónur í leikriti eða þennu í tónlist, gerist á réttum stað og hafi rétta úrvinnslu og tíma innan verksins. Þetta er það langvandasamasta við list. Sé þetta vald tekið frá höfundinum og gefið með tónlistinni, eins og möguleikar tölvunnar bjóða uppá, er í rauninni blíð að kippa mikilvægustu þáttum tón-

listar og allrar annarrar listar, sem vinnur í tíma, úr sambandi. Segja mátti hinsvegar að hér sé verið að brúa bilið milli tölvuleikja og alvarlegrar listaköpunar og það er ekkert sem mælir á móti því.“

Strengjahljóðfærin seld

Stílluppsteypa er hljómsveit sem hóf störf fyrir alldögum árum og þá sem hávaðasamir menn er spíluð á gítar, bassa og trommur. Í dag notast þeir eingöngu við tölvur í tónsmíðum sínum. Í hljómsveitinni eru Heimir Björgólfsson, Helgi Þórsson og Sigtryggur Berg Sigmarsson. Þeir stunduðu nám við Sónólógíuna í Haag en í dag eru Heimir og Helgi að nema í Gerrit Rietveld listaakademíunni í Amsterdam og Sigtryggur stundar listnám í Þýskalandi. Þeir segja það hafa verið meðvitanda ákvörðun að hætta alveg með hefðbundin hljóðfæri og taka tölvurnar í notkun í staðinn. „Þetta byrjaði á því að við fórum að nota teipmaskínuna sem hljóðfæri en þegar við byrjuðum í sönólógíunni og kynntumst tölvunum varð ekki aftur snúið og við seldum hljóðfærin okkar. Í dag vinnum við eingöngu með tölvur. Hljóðuppruninn getur verið hvaðan sem er, því hægt er að taka upp hljóð stafrænt og þegar það er einusinni komið inn á tölvuna er endalaust hægt að vinna með það. Við búum einnig til hrein tölvuhljóð sem eiga sér enga fyrirmynd í náttúrulega heiminum. Tölvur er stórkemmtilegt hljóðfæri, nánast án takmarkana og því hefur tónlistarmaðurinn svöl ótakmarkað frelsi. Í venjulegri tónlist hefur hvert hljóðfæri vissa eiginleika og takmörk, en í tölvunni eru það forritin sem hafa sína eiginleika og takmörk en ekki verkefarið sjálft. Ef það vantar sárlega einhverja virkni, eitthvert hljóð eða annað, þá er bara sest niður og forritað og málið er leyst.“

Stílluppsteypa spílaði nýlega á tónleikum í Iðnó ásamt Birgi Erni Thoroddsen og Vindavey þar sem raftónlist var flutt fyrir fullum sal af ungu fólki á öllum aldri. „Við spílum „live“ á tónleikum, því við litum í raun á tölvuna sem hljóðfæri með sín skemmtilegu sérkenni við lifandi flutning. Tónleikar hjá okkur eru í raun spuni innan ákveðins ramma, því við höfum forritað hljóðin og hljóðeffektana fyrirfram en framrás verksins er í okkar höndum þar sem við erum hver með sína tölvu og lítum þær spíla samann. Þannig bjóða tónleikar upp á fleiri tilviljanir og óvæntar uppkomur innan tónlistarinnar en þegar unnið er í hljóðverfi. Þessar tilviljanir þykja okkur mjög mikilvægar.“

Oft hefur borið á þeirri „gagnrýni“ að í raftónlist komi ekki fram neinar tilfinningar og að hún sé köld og fráhrindandi. Auðvitað er um miklar alhæfingar að ræða en á móti má benda á oft hræðilega velgju hinna tilfinninga- næmu tónlistarmanna. Heimir hefur skoðun á þessu í tengslum við raftónlistina. „Það er okkur fullkomlega framtíðin hugmynd að reyna að troða okkar persónulegu tilfinningum inn í tónlistina. Það gerast hinsvegar alls kyns galdrar þegar við spílum og við finnum þegar spennan myndast og við reynum þá að vinna með hana, láta hana þróa og brjótaust fram svo að segja af sjálfsdáðum. Við reynum auðvitað að skapa spennu, byggja upp og brjóta niður, en mér finnst ekki að ég geti að blanda mínum persónulegu tilfinningum í tónlistina og hella þeim yfir aðra. Það mátti segja að við séum að vekja upp spennu og viðbrögð hjá fólki en ekki tilfinningar. Ef maður dembir einhverjum tíðnum á fólk getur maður skapað mjög erfiða og ógnvekjandi tónlist sem kannski vekur upp tilfinningar hjá hlustandinum, en sú tilfinning er ekki frá okkur komin. Áhorfendur ráða því sjálfir hvaða reynslu þeir fá út úr tónlistinni.“

(Heimasíða Calmus-forritsins er: <http://rvik.ismenntis.kjol/> og Stílluppsteypa: <http://www.fire-inc.demon.nl/stilluppsteypa.html>).



ErkiTíð 96


TÓNLISTARHÁTÍÐIN ErkiTíð 96 stendur í Reykjavík á veitingahúsinu Sólun Íslandu til 11. maí næstkomandi. ErkiTíð var fyrst haldin 1994 í tölfini 50 ára afmælis lýðveldisins. Það eru ErkiTónlist sf. og Ríkisútvarpið sem standa fyrir ErkiTíð og að þessu sinni í samvinnu við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Í kynningu segir m.a.: „Aðalsteff ErkiTíðar '96 er annars vegar íslensk samtímatónlist og hins vegar ný erlend tónlist... Nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík flytja íslenska samtímatónlist undir leiðsögn kennara, þá m. Caput-hópurinn, flytja erlenda tónlist. Í lok hverra tónleika er efnit til pallborðsumræðna.“

Íslensk tónskild, sem verk eiga á hátíðinni eru: Jón Leifs, Atli Heimir Sveinsson, Þorkeil Sigurbjörnsson, Gunnar Reynir Sveinsson, Magnús Blöndal Jóhannsson, Jón Nordal, Victor Urbancic, Hjalmar H. Ragnarsen, Leifur Þórarinnsson, Kjetan Ólafsson, Karólína Eiríksdóttir, Egill Gunnarsson, Áskell Mátsson, Snorri Sigfrús Birgisson, Gísli Magnússon, Þorður Jónsdóttir, Hröðmar I. Sigurbjörnsson, Guðni Franzson, Sveinn Ládvík Björnsson, Elin Gunnlaugsdóttir og Árni Egilsson.

Erlend tónskild eru: Bent Sörensen, Steve Reich, Elliot Carter, Oliver Knussen, Aldo Clementi, William Harper, Lars Graugard, Kazuo Fukushima, Gerrit Schull og Aake Parmrud.

Ríkisútvarpið hljóðritar alla tónleika ErkiTíðar '96 og verða þeir ýmist sendir út beint eða síðar. Atli Heimir Sveinsson kynmir. Aðgangur á tónleikana er ókeypis.



Þar mætast tónlist, vísindi og tækni

12 Oct 2018 FRÉTTABLAÐID/GVA – gun
FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK



Verk sem samin eru Atla Heimi til heiðurs verða flutt á ErkiTíð.

Á íslensku tölvu- og raftónlistar-hátíðinni ErkiTíð 2018 sem verður haldin 18. október í Norðurljóssal Hörpu bjóða tónskáld og flytjendur í fremstu röð upp á fjölbreytta dagskrá. Má þar nefna Caput-hópin. Íslensk og erlend verk verða frumflutt en einnig eru þar eldri verk frá síðustu 50 árum.

Hluti tónleikanna verður helgaður Atla Heimi Sveinssyni tónskáldi í tilefni áttæðisafmælis hans. „Atli Heimir var á sínum tíma einn af frumkvöðlum nútíma- og raftónlistar á Íslandi og hans framlag til íslenskrar tón-



Kjartan segir gestum boðið að taka beinan þátt í tónleikunum.

listar og menningar er ómetanlegt, “segir Kjartan Ólafsson, annar aðstandenda hátíðarinnar. „Því fengum við ung tónskáld til að semja verk með tengingu við tónlist Atla Heimis. Margir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar flytja þau, þar á meðal Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur.“

Á hátíðinni mætast tónlist, vísindi og tækni. Þar verður áhorfendum meðal annars boðið að taka beinan þátt í framvindu verka sem samin verða og flutt í rauntíma. Kjartan vill vekja sérstaka athygli á tölvutónlistarvinnustofum fyrir yngstu kynslóðina sem Margrét Sigurðardóttir sér um í öðrum sal. „Þar fá krakkarnir að láta sköpunargleðina ráða,“ lofar hann og bendir á dagskrána á www.erkid.is



Write a comment...



Listen



Page View



Share



Save



More



Upvote



Downvote

ErkiTíð 2018
Íslensk tæknitónlistarhátíð

Spin-On Festival
Harpa - Norðurljós October
13, 2018

Tónlist, vísindi og tækni mætast á íslenskri tölvu- og raftónlistarhátíð

Á fullveldisári opnar ErkiTíð sýn inn í framtíðina, með sterkri viðspyrnu í verkum frumherja íslenskrar raf- og tölvutónlistar. Tónskáld og flytjendur í fremstu röð bjóða upp á fjölbreytta dagskrá af verkum sem spanna sl. 50 ár, fjölmörg íslensk og erlend verk eru frumflutt og afrakstur nýjustu rannsókna á sviði gervigreindar í tónsköpun og tónlistarflutningi er kynntur. Þannig er áhorfendum m.a. boðið að taka beinan þátt í framvindu verka sem samin eru og flutt í rauntíma meðan yngsta kynslóðin fær að láta sköpunargleðina ráða í tölvutónlistarvinnustofum sem sérhannaðar eru fyrir börn.

... og sérstakir afmælistónleikar á hátíðinni til heiðurs
eins af frumkvöðlum íslenskrar raftónlistar: Atli Heimir
Sveinsson









ErkiTíð 2019/2020

Tónlistarhátíðin ErkiTíð var haldin í Mengi í mars 2020. Upphaflega átti hátíðin að fara fram í október 2019 en vegna óviðráðanlegra orsaka varð að fresta henni til 2020.

Í loka undirbúningnum fyrir hátíðina í mars var ástand orðið þannig í landinu – að vegna stigvaxandi heimsfaraldurs að ákveðið var að að fækka viðburðum og hafa hátíðina í einn dag.

Hápunktur ErkiTíðar 2020 voru síðan tónleikar með strengjakvartettinum SIGGA þann 18. mars þar sem frumflutt voru fjögur ný verk sem voru pöntuð höfðu verið af ErkiTíð.

Þar sem þar sem samkomubann var að skella á þessum tíma þá var einnig ákveðið að hafa tónleikana í streymi frá tónleikastaðnum Mengi.

ErkiTíð 2020 tókust vel miðað við aðstæður og voru tónleikunum netvarpað í rauntíma en þá er einnig hægt að finna á vefslóðinni:

ErkiTíð 2020

Bein útsending: Strengjakvartettinn Siggfrumflytur fjögur ný verk

Kollbeinn Tumi Daðsson skrifar · 18. mars 2020 19:25



Vin er á klassískri tónlistarveislu klukkan 20.

MENGO

Strengjakvartettinn Siggfrumflytur fjögur ný tónverk í Mengi í kvöld sem samin eru af þremur hljóðfæraleikurum og tónskáldi. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og er þeim streymt hér á Vísu.

Í kvartettinum stíga fram þrír af fremstu hljóðfæraleikurum Íslands og semja tónlist fyrir strengjakvartett eftir sínu höfði en það eru þau Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari, Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari og Pétur Jónasson gítarleikari.

Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa flutt og frumflutt ógrynni nýrra tónverka í gegnum tíðina. Þau nota öll tónsmíðaforritið CalmusComposer við sköpun verkanna en forritið byggir m.a. á gervigreind sem opnar möguleika á nýrri nálgun við sköpun tónlistar.

Auk hljóðfæraleikaranna tekur kvikmyndatónskáldið Hilmar Örn Hilmarsson þátt í tónleikunum en hann beytir hlíðstæðri tækni við samningu síns verk.

Hljómleikarnir hefjast kl. 20:00 og standa í um 30 mínútur.

<https://www.facebook.com/mengiiceland/videos/249585332720644/>







ErkiTíð 2021

ErkiTíð 2021 var haldin sunnudaginn 14. nóvember í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi. Á hátíðinni voru flutt og frumflutt á þriðja tug tónverka frá ýmsum tímabilum íslenskrar raftónlistarsögu.

Af tilefni 60 ára afmælis eins fyrsta og þekktasta rafverks Íslandsögunar „Samstirni“ eftir Magnús Blöndal Jóhannsson frá árinu 1961 var sérstök dagskrá um verk hans og frumkvöðlastarf á sviði raftónlistar á Íslandi. Strengjasveit Tónskóla Sigursveins flutti einnig verkið Adagio eftir Magnús Blönda undir stjórn Helgu Þórarinsdóttur.



ErkiTíð 2021 haldin í Hafnarhúsi



Raftónlistarhátíðin ErkiTíð 2021 verður haldin í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi á morgun.

„Á hátíðinni verða flutt og frumflutt á þriðja tug tónverka frá ýmsum tímabilum íslenskrar raftónlistarsögu,“ segir í tilkynningu. Þar kemur fram að í tilefni 60 ára afmælis eins fyrsta og þekktasta rafverks Íslandsögunar, „Samstirni“ eftir Magnús Blöndal Jóhannsson, verður sérstök dagskrá um verk hans og frumkvöðlastarf.

Á meðal listamanna á ErkiTíð 2021 má nefna Þórönnu Björnsdóttur, Tinnu Þorsteinsdóttur, Karólínu Eiríksdóttur, Kjartan Ólafsson, Þorstein Hauksson, Árna Heimi Ingólfsson ásamt Strengjasveit Tónskóla Sigursveins, Steef van Oosterhoud og Guðna Franzsson ásamt félögum úr CAPUT.



ErkiTíð 2022 var haldin í nóvember í Reykjavík. Á meðal viðburða voru fjölmargir tónleikar með fjölbreyttri nýrri tækni, barnópera, kórtónleikar og kammertónleikar. Alls voru yfir 70 íslensk tónverk flutt - þar af helmingur frumfluttur og voru þátttakendur vel á annað hundrað.

Í forgrunni á ErkiTíð 2022 var tónskáldið og frumkvöðullinn Þorkell Sigurbjörnsson þar sem flutt voru á annan tug verka eftir hann auk samkeppni fyrir ung tónskáld sem tileinkuð var honum.

ErkiTíð 2022 hlaut íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónlistarviðburð ársins 2022.



ErkiTíð 2022



ErkiTíð 2022



Íslensku tónlistarverðlaunin 2022



ErkiTíð 2023 var haldin í nóvember í Reykjavík. Á hátíðinni voru flutt og frumflutt á þriðja tug tónverka og voru þáttakendur rúmlega 50 talsins, tónskáld, flytjendur, ljóðskáld, tæknimenn, o fl. Áheyrendur létu sig ekki vanta og var fullt út úr dyrum á öllum tónleikum.

ErkiTíð 2023



ErkiTíð 2024 verður haldin í Reykjavík í nóvember 2024.

ErkiTíð – vefslóðir

www.erkitid.is

<https://www.facebook.com/ErkiT%C3%ADð-303274713804036//>

ErkiTíð	1994-2024
---------	-----------

Þátttakendur frá upphafi	
Tónskáld í gegnum tíðina	
Árni Egilsson	Askell Másson
Atli Heimir Sveinnsson	Atli Ingólfsson
Bára Grímsdóttir	Bent Sörensen
Curver Thoroddsen	Davíð Brynjar Fransson
Eiríkur Örn Pálsson	Elín Gunnlaugsdóttir
Finnur Torfi Stefánsson	Gunnar Reynir Sveinsson
Hans Peter Stubbe Tjeglbjærg	Helgi Pétursson
Hildigunnur Rúnarsdóttir	Hilmar Örn Hilmarsson
Hilmar Þórðarson	Hjálmar H. Ragnarsson
Hlöðver Sigurðsson	Hlynur Aðils Vilmarsson
Hróðmar I Sigurbjörnsson	Jóhann Jóhannsson
Jón Leifs	Jón Nordal
Jöran Rudi	Karólína Eiríksdóttir
Kira Kira	Lars Graugaard
Lárus Halldór Grímsson	Magnús Blöndal Jóhannsson
Pétur Jónasson	Ríkharður H. Friðriksson
Snorri Sigfús Birgisson	Stilluppsteypa
Sveinn Lúðvík Björnsson	Trevor Wishard
Tryggvi M baldvinsson	Úlfur Eldjárn
Una Sveinbjarnadóttir	William Harper
Þorkell Sigurbjörnsson	Þorsteinn Hauksson
Þorsteinn Hauksson	Þuríður Jónsdóttir
Finnbogi Pétursson	Ingibjörg Friðriksdóttir
Tinna Þorsteinsdóttir	Tomas Manoury
Mikael Lind	Björn Halldórsson
Adam Pultz	Miguel Crozzoli
Victor Shepardson	Jack Armitage
Nicola Privato	Lene Grenage
Sk-Ar -	Haraldur Karlsson
Þorsteinn Eyfjörð	Jesper Pedersen
Tónlistarflytjandur í gegnum tíðina	

Aaron Holloway-Nahum	Ágúst Ólafsson
Anna Guðný Guðmundsdóttir	Arngeir Heiðar Hauksson
Áshildur Haraldsdóttir	Brjánn Ingason
CAPUT	Curver Thoroddsen
Eggert Pálsson	Egill Gunnarsson
Einar Jóhannesson	Emil Friðfinnson
Eydís Franzdóttir	Finnbogi Pétursson
Geir Rafnsson	Graduelakór langholtskirkju
Guðmundur Kristinsson	Guðmundur Óli Gunnarsson
Guðni Franzson	Guðrún Birgisdóttir
Gunnar Benediktsson	Halldór Haraldsson
Hallveig Rúnarsdóttir	Hanna Björk Guðjónsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir	Helga Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónasdóttir	Hera björk Þórhallsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir	Hilmar Jensson
Hlöðver Sigurðsson	Hreiðar Ingi Þorsteinsson
Júlia Mogensen,	Kjartan Óskarsson
Kolbeinn Bjarnason	Margrét Sigurðardóttir
Marta Hrafnisdóttir	Martial Nardeau
Örn Magnússon	Óskar Ingólfsson
Peter Maté	Pétur Jónasson
Sigurður Bjarki Gunnarsson	Sigurður Halldórsson
Sigurður I Snorrason	Sigurður Ingvi Snorrason
Skólakór Kársness	Skúli Sverrisson
Sólbjört Guðmundsdóttir	Steef van Oosterhout
Steinunn Birna Ragnarsdóttir	Tinna Þorsteinsdóttir
Úlfur Eldjárn	Una sveinbarnardóttir
Þorgerður Ingólfsdóttir	Þórunn Ósk Marinósdóttir,
Þórunn Ósk Marinósdóttir,	Sveinn Ólafsson
Aðrir	Ævar Þór Benediktsson
Auðunn Atlason	Bjarki Sveinbjörnsson
Guðmundur Emilsson	Jón Hrólfur sigurjónsson
Margrét J. Sigurðardóttir	Kristján Steingrímsson
Hildigunnur Einarsdóttir	Árni Heimir Ingólfsson
Þórunn Sigurðardóttir	Ingibjörg Friðriksdóttir

-----	-----
Samstarfsaðilar í gegnum tíðina	
ART2000	Ásmundarsalur
CAPUT	Graduela Nobilis
Hamrahlíðarkórinn	Íslensk tónverkamiðstöð
Íslenska Óperan	Kammerkórinn Huldur
Kór Menntaskólans við Hamrahlíð	Listasafn Reykjavíkur
Mengi	RÚV
Skólakór Kársness	Sólon Íslandus
Strengjakvartettinn Siggi	Tjarnabíó
Tónlistarsafn Íslands	Tónskóli Sigursveins
Tónlistarskólinn í Reykjavík	Listaháskóli Íslands
Mynd- og handíðarskólinn í Reykjavík	M2000 (Reykjavik Cultural City Europe 2000)
Chalumeaux tríóið	Stengjasveit Tónskóla Sigursveins
Mussilla	Stúdíó Tónlistarskóla Kópavogs
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Reykjavíkurborg